



ADHD

OG FARSÆL SKÓLAGANGA

HANDBÓK



# ADHD

## OG FARSÆL SKÓLAGANGA – HANDBÓK

*Handbókin er tekin saman hjá Námsgagnastofnun að beiðni Samráðshóps um aðgerðaáætlun í þágu barna og ungmenna. Samstarfshópurinn starfaði á vegum velferðarráðuneytis í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga á árunum 2009 til 2011. Tvö fyrstnefndu ráðuneytin standa straum af kostnaði við verkefnið.*

*Handbókinni er dreift endurgjaldslaust til allra grunnskóla. Hana má nálgast hjá Menntamála- stofnun og ADHD samtökunum á meðan upplag endist. Þá er vefútgáfa fánleg á vefsíðum Náms- gagnastofnunar og ADHD samtakanna.*

*Ritið er byggt á meistaraprófsritgerð höfundarins, Ingibjargar Karlsdóttur, í lýðheilsufræði við Háskól- ann í Reykjavík 2012. Ingibjörg er starfandi félags- ráðgjafi við BUGL og fyrrverandi formaður ADHD samtakanna.*

# ADHD

## OG FARSÆL SKÓLAGANGA HANDBÓK


Ingibjörg Karlsdóttir

í samvinnu við Ellen Calmon

framkvæmdarstjóra ADHD samtakanna



MENNTAMÁLASTOFNUN



## ADHD og farsæl skólaganga – Handbók

ISBN 978-9979-0-1688-5

© Ingibjörg Karlsdóttir

© teikningar Sigrún Eldjárn

Ritnefnd: Ellen Calmon, Gyða Hjartardóttir, Hilmar Hilmarsson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2013

Menntamálastofnun

Kópavogi


Umbrot og kápuhönnun: Námsgagnastofnun

Prentun: Prenttækni ehf.



## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
Viðhorf til nemenda með ADHD .....	6
ADHD – orsakir, einkenni og fylgiraskanir .....	7
Orsakir ADHD .....	10
Tíðni ADHD .....	10
Einkenni ADHD .....	11
Fylgiraskanir .....	13
Greining .....	16
Gildi greiningar fyrir kennslu og stuðning .....	17
Ofgreining – vangreining .....	17
Meðferð við ADHD .....	19
Óhefðbundnar meðferðarleiðir .....	20
Kennsla grunnskólanema með ADHD .....	20
Aðlögun náms- og kennsluaðstæðna .....	22
Skipulag í skólstofu .....	22
Aðlögun náms og kennslu .....	23
Hjálpargögn .....	27
Námstækni – nokkur góð ráð .....	28
Námsmat .....	29
Stuðningur við hegðun og atferlismótun .....	29
Unglingar með ADHD .....	34
Áhrif ADHD á nám unglínga .....	35
Unglingsstúlkur með ADHD .....	36
Áhrif svefnis á frammistöðu í skóla .....	37
Kennsla unglínga með ADHD – nokkur ráð .....	38
ADHD og félagsfærni .....	40
Viðbrögð við skertri félagsfærni .....	41
Leiðir til að efla félagsfærni .....	41
Þverfagleg teymisvinna .....	43
Árangursrík teymisvinna .....	43
Gátlisti – aðgerðalisti .....	45



Helstu þjónustustofnanir og þjónustuaðilar .....	45
Samstarf skóla og heimilis .....	47
Lokaorð .....	49
Þakkir .....	50
Fræðsluefni .....	50
Efni frá Námsgagnastofnun .....	51
Félagsfærniþjálfun – vefsíður .....	52
Vinnsluminni – vefsíður .....	52
Ýmis gögn .....	52
Gagnlegar vefsíður .....	53
Skýringar og tilvísanir .....	54
Heimildir .....	55
Eyðublöð (ætlanir, samningar, mats- og gátlistar) .....	59




## Inngangur

Í grunnskóla er lagður hornsteinn að námi og framtíð barna. Þar læra þau hegðun og gildi sem eru í samræmi við væntingar og menningu samfélagsins. Þau læra grundvallarreglur varðandi skólagöngu, félagsleg samskipti og öðlast leikni og færni til frekara náms. Það skiptir því öll börn miklu að vel takist til og skólaárin nýtist sem best.

Á síðustu árum og áratugum hefur þeim börnum fjölgað sem hafa fengið greiningu vegna athyglisbrests og ofvirkni/hvatvísi eða ADHD. Viss hegðunareinkenni koma oft fyrst fram hjá börnum með ADHD þegar þau byrja í skóla og þau geta átt í meiri erfiðleikum en jafnaldrar þeirra með að mæta væntingum skólasamfélagsins. Skólagangan reynir því iðulega bæði á þau og fjölskyldur þeirra.

Fyrst og fremst ætti að líta á greiningu á ADHD sem vegvísi að viðeigandi fræðslu, meðferð og úrræðum sem snúa að barninu og nærumhverfi þess. Í því sambandi er mikilvægt að beina sjónum að sterkum hliðum barna með ADHD, sem eru fjölmargar, og nálgast barnið í leik og starfi út frá áhugasviði þess og styrkleikum. Börn með ADHD eru oft opin, skapandi, hugmyndarík og orkumikil. Í uppeldi og í skólastarfi er nauðsynlegt að virkja á jákvæðan hátt áhuga þeirra og



kraft, viðurkenna frávík þeirra í þroska og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Þarft er að minnast þess að börn með ADHD hafa sömu þarfir og önnur börn fyrir öryggi, ást og umhyggju.

Í stefnunni um skóla án aðgreiningar og í samræmi við grunnskólalög nr. 91/2008 er gert ráð fyrir að allir nemendur fái kennslu við hæfi. Sami andi kemur fram í reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 584/2010. Þar er kveðið á um snemmtækt mat á stöðu nemenda, ráðgjöf vegna námsvanda, félagslegs og sálræns vanda og kennslu við hæfi í skóla án aðgreiningar. Sérfræðiþjónustan á að styðja við starfsemi og starfsfólk í leik- og grunnskólum og veita foreldrum stuðning með ráðgjöf og fræðslu.

Í þessu riti er leitast við að dýpka skilning þeirra sem starfa með nemendum með ADHD, einkum á grunnskólastigi, og benda á leiðir til að mæta þörfum nemenda í samstarfi við foreldra og þjónustustofnanir ríkis og sveitarfélaga.

## Viðhorf til nemenda með ADHD

Á undanförunum árum og áratugum hefur mikið verið rætt og ritað um skólastarf og velferð og heilbrigði barna og ungmenna í skólum. Þetta ætti ekki að koma á óvart þar sem börn eru í skóla á mestu mótunar-árum lífsins. Jákvætt viðhorf, skilningur samfélagsins og stuðningur starfsfólks skóla er nauðsynleg undirstaða uppeldis og náms barna með ADHD.<sup>1</sup> Sökum hvatvísi er börnum með ADHD hætta við að lenda í aðstæðum sem erfitt er fyrir þau að koma sér út úr. Að stinga verkefni eða prófi ofan í tösku og taka með sér heim í stað þess að skila til kennarans, að hrinda félagi ofan í drullupoll og gefa honum glóðarauga í gleðiæsingi því hann skoraði mark eru dæmi um aðstæður sem barn með ADHD getur lent í. Slík atvik geta alið af sér neikvæðar tilfinningar skólafélaganna í garð barnsins og haft neikvæð áhrif á sjálfsmynd þess.

Viðhorf til barna með ADHD hefur áhrif á hegðun og aðlögun þeirra bæði náms- og félagslega.<sup>2</sup> Mikilvægt er að starfsfólk skóla láti sig málefni þeirra varða innan og utan skólustofunnar, leggi sig fram um



*Á vegum ADHD samtakanna hefur verið tekið saman stutt og aðgengilegt fræðsluefni (glæsur), ADHD utan kennslustofunnar. Efnið hentar vel sem grundvöllur að umræðum á starfsmannafundum í skólum. Það er til í mörgum skólum en einnig má nálgast það hjá ADHD samtökunum.*




*Víðhorf til barna og ungmenna með ADHD hefur ábrif á hegðun og aðlögun þeirra.*

að tala opinskátt og jákvætt um ADHD, sækja fræðslu og dýpki skilning sinn á röskuninni og eigi farsælt samstarf við fjölskyldur þeirra. Með því móti reynist auðveldara en ella að koma til móts við þarfir barnanna og draga úr fordómum sem víða finnast í samfélaginu. Hugmyndaríkar nálganir, þekking og leikni í að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum eru leiðir til árangurs við kennslu nemenda með ADHD, með öðrum orðum að vera óragur við að hugsa út fyrir rammann við skipulag kennslunnar. Með skilningi og traustum stuðningi sem stuðlar að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum getur barn með ADHD blómstrað og náð góðum árangri í félagstengslum og námi.

## **ADHD – orsakir, einkenni og fylgiraskanir**

ADHD er alþjóðleg skammstöfun fyrir „Attention Deficit Hyperactivity Disorder“ eða athyglisbrest og ofvirkni. Til eru læknisfræðilegar heimildir allt frá árinu 1902 þar sem George Still læknir í London lýsir einkennum hjá hópi barna sem sýndu ofvirkni, erfiðleika við einbeitingu og vandkvæði við að hafa viðeigandi stjórn á hegðun sinni.<sup>3</sup>

ADHD stafar af röskun á taugaþroska sem lýsir sér með einbeitingarerfiðleikum, ofvirkni og hvatvísi. ADHD er einn algengasti




hegðunarvandi barna og unglunga og veldur þeim sem við það glíma, fjölskyldum þeirra og nánasta umhverfi oft óþægindum og truflunum. Algengt er að einstaklingur með ADHD fái ekki notið hæfileika sinna vegna þessa, auk þess sem ADHD fylgja oft aðrar raskanir. Rannsóknir hafa sýnt að í mörgum tilvikum halda einkenni áfram fram á fullorðinsár, stundum í nokkuð breyttri mynd.<sup>4</sup>

Síðastliðna öld hafa þessi einkenni gengið undir ýmsum nöfnum, þar á meðal eru vægur heilaskaði eða væg truflun á heilastarfi skammstafað sem MBD (*e. Minimal Brain Damage or Dysfunction*); DAMP (*e. Deficit in Attention, Motor Control and Perception*) sem hér á landi var kallað misþroski; ofvirkniröskun (*e. Hyperkinetic Disorder*) og að lokum það sem við þekkjum sem ADHD eða athyglisbrest með ofvirkni. Einnig er talað um athyglisbrest án ofvirkni sem ADD (*e. Attention Deficit Disorder*). Í þessu riti er ekki greint á milli ADD og ADHD heldur eingöngu notuð skammstöfunin ADHD. Þetta er gert til einföldunar enda á sama umfjöllun í flestum tilvikum við báða hópana. Þar til á níunda áratug síðustu aldar var álitnið að athyglisbrestur og ofvirkni væri röskun sem aðeins væri greinanleg hjá börnum, fyrst og fremst hjá drengjum. Nú er ADHD einnig viðurkennt hjá stúlkum og fullorðnum eins og áður segir.<sup>5</sup>

ADHD er ein mest rannsakaða röskun í geðheilbrigðisfræðum barna og rannsóknaniðurstöður um réttmæti standa því á traustari grunni en rannsóknir á flestum öðrum geðröskunum.<sup>6</sup> Erfitt getur reynst að skilja röskunina, sérstaklega þar sem börnum með ADHD virðist á stundum ganga vel með ýmislegt sem þau taka sér fyrir hendur, svo sem íþróttir, tölvuleiki, myndlist og fleira. Börnin segja sjálf að þau geti einbeitt sér að því sem þau hafa mikinn áhuga á eða veitir þeim ánægju en eigi í erfiðleikum með að einbeita sér að því sem þeim finnst leiðinlegt, jafnvel þótt þau viti að viðfangsefnið sé mikilvægt og þau vilji gjarnan ljúka því. ADHD getur því oft lítið út sem spurning um vilja en það er oftast of einföld skýring.<sup>7</sup>


Margir telja ADHD fyrst og fremst hegðunarvanda, að nemendur með ADHD geti ekki setið kyrrir, einbeitt sér, hlustað á kennara og fylgt reglum í skólastofunni. Rannsóknir benda til að hegðunareinkennin skýrist af skertri heilastarfsemi á svæðum sem sjá um stýrifærni (*e. executive functions*).<sup>8</sup> Til þess að skýra hvað átt er við með stýrifærni




*Stýrifærni heilans stjórnar samstillingu heilasvæða líkt og bljómsveitarstjóri bljómsveit.*

heilans má líkja henni við stjórnanda sinfóníuhljómsveitar. Hljómsveitin er skipuð tónlistarfólki en það er í höndum stjórnandans að tryggja að allir byrji að spila á sama tíma, haldi takti og sama hraða svo að tónlistin hljómi sem allra best og verkið komist til skila. Hjá einstaklingum með ADHD virka heilasvæðin vel, sem samsvarar einstökum hljóðfærleikurum. Samstillingin er í höndum stjórnandans.

sem samsvarar stýrifærni heilans. Stýrifærnin er ekki fullþroskuð við fæðingu heldur þroskast hún með aldrinum eftir því sem heilabörkur þroskast á svæði framheila.<sup>9</sup> Skert starfsemi í taugaboðefnakerfi heilans er hluti af orsök skertrar stýrifærni.<sup>10</sup> Mikilsvert er að kröfur og væntingar í skólaumhverfi og á heimili taki mið af því að börn með ADHD standa ekki undir sömu kröfum og jafnaldrar þeirra þar sem um 1–3 ára seinkun getur verið á þroska tiltekinnna svæða heilans sem viðkoma stýrifærni.<sup>11</sup>



*Seinkun á þroska heilabarkar hjá börnum með ADHD veldur skertri stýrifærni í frambeila. Á myndinni er þroski heilabarkar barns með ADHD frá 5–20 ára auðkenndur með bláum liti en sjá má að við 20 ára aldur er heilabörkurinn enn ekki fullþroska.*



Rannsóknir benda til að börn og unglingar með ADHD og skerta stýrifærni í heila séu líkleg til að glíma við námserfiðleika. Stýrifærni heilans hefur ekki áhrif á greindarfar enda geta nemendur með háa greindarvísitölu verið með skerta stýrifærni.<sup>12</sup> Þessar niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að skimað sé fyrir sértækum námserfiðleikum hjá börnum með ADHD.<sup>13</sup>

## Orsakir ADHD

Þótt ekki sé vitað nákvæmlega hvað veldur ADHD eru fræðimenn sammála um að orsakir séu líffræðilegar og að erfðir útskýri um 80% einkenna ADHD.<sup>14</sup> Gen stjórna vefjauppbyggingu heilans og þar með þroska heilabarkar og þróun boðfnakerfa heilans. Misfellur í þessari uppbyggingu geta birst sem truflun í jafnvægi taugaboðfna, haft áhrif á stýrifærni og truflað hegðun og hugræna starfsemi.

Rannsóknir benda einnig til að ýmsir áhættuþættir í umhverfinu, svo og samspil umhverfis- og erfðabátta, auki hættu á ADHD. Nefna má áhættuþætti eins og áföll á meðgöngu (vímuefnanotkun) og við fæðingu,<sup>15</sup> blýmengun og PCB-mengun.<sup>16</sup> Ekki telst sannað að börn sem alast upp við slæmar félagslegar aðstæður eða óöryggi í æsku séu líklegri til að greinast með ADHD ef ekki eru undirliggjandi líffræðilegar skýringar. Félagslegar aðstæður geta hins vegar haft mikil áhrif á aðlögun barns með ADHD í skóla og á heimili og þar með framtíðarhorfur þess.

## Tíðni ADHD

Rannsóknir sýna 5–10% tíðni ADHD hjá börnum og unglingum en 4–5% hjá fullorðnum.<sup>17</sup> Langtímarannsóknir sýna að einkenni hjá sumum börnum sem greinast með ADHD verða vægari með aldri og þroska og sum verða jafnvel einkennalaus á fullorðinsárum.

Kynjahlutfall ADHD meðal barna er þrír drengir fyrir hverja eina stúlku.<sup>18</sup> Þessi kynjamunur er svipaður og þekkt er í öðrum röskunum á taugaþroska, til dæmis einhverfu.<sup>19</sup> Hugsanlegt er að ADHD greinist síður hjá stúlkum en drengjum vegna þess að stúlkur með ADHD eru síður truflandi í skóla en drengir.



## Einkenni ADHD


Hjá sumum börnum eru einkenni ADHD, og þá sérstaklega ofvirkni-einkenni, augljós strax á leikskólaaldri. Erfitt reynist að fá börnin til að fylgja einföldum leiðbeiningum og við minnsta mótlæti geta þau verið fljót að stökkva í burtu eða atast í bekkjarsystkinum. Önnur börn með ADHD sýna ekki eins hömlulausa hegðun, röskun þeirra birtist fremur í lakari námsgetu en vitsmunaleg geta gefur tilefni til og kemur jafnvel ekki fram fyrr en í 3. eða 4. bekk grunnskóla. Þótt sum börn með ADHD geti verst hvatvísi, sítalandi og eirðarlaus draga önnur sig í hlé og láta sig hverfa á vit dagdrauma í kennslustundum.<sup>20</sup>

Einkenni ADHD taka iðulega töluverðum breytingum með aldri. Sérstaklega á þetta við um hvatvísi og ofvirkni sem breytist hjá unglingum og birtist frekar í innri spennu, eirðarleysi og skapstyggð. Athyglisbrestseinkennin vara hins vegar oft fram á fullorðinsár.<sup>21</sup>

Helstu einkennum ADHD má skipta í þrjá flokka, þ.e. athyglisbrest, ofvirkni og hvatvísi.


### Einkenni athyglisbrests eru meðal annars að börn og unglingar

- eiga erfitt með að halda athygli við leiki, verkefni og nám
- virðast ekki hlusta þegar talað er beint til þeirra
- fylgja ekki fyrirmælum til enda og ljúka ekki við verkefni, fresta þeim
- eiga erfitt með að skipuleggja verkefni og athafnir, áætla tíma, forgangsraða og koma sér að verki
- forðast viðfangsefni sem krefjast mikillar einbeitingar (til dæmis heimanám og skrifleg skólaverkefni)



### EINKENNI ADHD:

- Athyglisbrestur
- Ofvirkni
- Hvatvísi

- 
- huga illa að smáatriðum og gera oft fljótþæfnislegar villur
  - týna oft og gleyma hlutum
  - truflast auðveldlega af utanaðkomandi áreiti og einnig af áreiti eigin hugsana
  - eru gleymin í athöfnum daglegs lífs

### **Einkenni ofvirkni eru meðal annars að börn og unglingar**

- eru stöðugt á ferðinni
- tala óhóflega mikið
- eru með hendur og fætur á sífelldu iði
- fara úr sæti í skólastofu eða við aðrar aðstæður þar sem ætlast er til kyrrsetu
- hlaupa um eða þrilla óhóflega við aðstæður þar sem slíkt á ekki við
- eiga erfitt með að vera hljóð við leik eða tólmstundastarf

### **Einkenni hvatvísí eru meðal annars að börn og unglingar**

- eiga erfitt með að bíða eftir að röðin komi að þeim í hópvinnu eða leik
- grípa fram í eða ryðjast inn í samræður eða leiki
- grípa fram í með svári áður en spurningu er lokið
- taka óígrundaðar ákvarðanir
- framkvæma án þess að hugsa

Í ljósi þess sem að framan hefur verið nefnt hefur ADHD margþætt áhrif en skert stýrifærni heilans veldur því m.a. að nemendur með ADHD geta átt erfitt með:

- Að koma sér að verki, skipuleggja verkefni, áætla tíma og forgangsraða. Þeir hafa sterka tilhneigingu til að fresta verki fram á síðustu stundu.
- Að halda einbeitingu og að færa athygli frá einu verkefni á annað. Þeir truflast auðveldlega, jafnt af áreiti í umhverfi og sínum eigin hugsunum. Mörgum þeirra getur reynst erfitt að einbeita sér við lestur, þurfa að lesa oftar en einu sinni sama efnið til að ná tökum á því og skilja innihaldið.
- Að ljúka við verkefni á tilsettum tíma og halda jöfnum vinnsluhraða vegna úthaldsleysis. Þeir vaða gjarnan úr einu í annað. Margir segjast geta leyst verkefni sem taka stuttan tíma í vinnslu en eiga mun erfiðara með verkefni sem taka lengri tíma.

- Að hafa stjórn á tilfinningum eins og reiði, áhyggjum, vonbrigðum, löngunum og viðbrögðum við mótlæti. Þeim reynist erfitt að ýta tilfinningum til hliðar og láta þær ekki trufla sig við vinnu.
- Að muna og halda utan um atriði í minni sínu og kalla fram upplýsingar. Löngu liðnir atburðir eru þeim oft ofarlega í minni en að muna hvar þeir lögðu eitthvað frá sér, hvað einhver sagði, hvað þeir voru að lesa og hvað þeir ætluðu að segja getur þvælst fyrir þeim.
- Að vakta sjálfan sig og hafa stjórn á eigin gerðum og viðbrögðum. Margir með ADHD, jafnvel þeir sem ekki eru ofvirkir, segjast oft ekki hafa stjórn á hegðun sinni. Þeir geta verið hvatvísir í tilsvörum, athöfnum eða hugsun, of fljótir á sér og draga gjarnan rangar ályktanir. Þeir lesa ekki rétt í aðstæður, átta sig ekki á þegar aðrir eru forviða, særðir eða pirraðir vegna einhvers sem þeir sögðu eða gerðu, breyta því ekki framkomunni til samræmis við viðbrögð annarra.<sup>22</sup>

## Fylgiraskanir



Vitað er að um 50–70% grunnskólabarna með ADHD greinast jafnframt með eina eða fleiri fylgiraskanir. Þetta getur flækt bæði greiningu og meðferð þar sem ADHD-einkennin skarast við einkenni sumra þeirra. Til þess að rétt meðferð og þjónusta sé veitt er áriðandi að átta sig á þessari samsetningu sem allra fyrst og fyrirbyggja þannig að vandinn vaxi.<sup>23</sup> Samkvæmt rannsóknum eru algengustu fylgiraskanir ADHD sem hér segir en prósentutalan gefur til kynna hve margir með ADHD greinast með fylgiröskunina:



### Sértækir námserfiðleikar – um 50–60%

Námserfiðleikar eru algengir hjá um helmingi barna með ADHD. Þegar grunur er um slíkt er mikilvægt að brugðist sé við og leitað samstarfs við sérkennara. Sértækir námserfiðleikar til viðbótar við ADHD hafa óhjákvæmilega áhrif á frammistöðu í skóla og hugsanlega einnig á félagstengsl og fjölskyldulíf.<sup>24</sup>

### Mótþróaþrjósukuröskun – um 40–65%

Mótþróaþrjósukuröskun felur í sér hegðunarmynstur svo sem þrætugirni, að missa stjórn á skapi sínu, að neita að fylgja reglum, að kenna öðrum um, að reyna viljandi að ónáða aðra og að vera reið(ur), móðgunargjarn/-gjörn, illkvittin(n) og hefnigjarn/-gjörn.<sup>25</sup> Mótþróaþrjósukuröskun veldur börnum með ADHD gjarnan erfiðleikum í samskiptum við önnur börn.

### Svefntruflanir – um 40–50%

Svefntruflanir lýsa sér í erfiðleikum með að sofna og vakna og að halda sér vakandi við daglegar athafnir. Margir með ADHD eiga í viðvarandi vanda með að halda reglu á svefni og vöku. Þeim er hætt við að vaka of lengi á kvöldin vegna þess að það slokknar ekki á virkninni í höfðinu á þeim. Þegar þau loksins sofna falla þau í svo djúpan svefn að það tekur langan tíma að vakna á morgnana.<sup>26</sup>

### Kviðaraskanir – um 25–30%

Kviðaeinkenni geta verið mjög falin, til dæmis sýna rannsóknir að í helmingi tilfella eru foreldrar ómeðvitaðir um kviðaeinkenni barna sinna. Kviðin börn eru oft áhyggjufull, pirruð, stressuð eða þreytt og eiga í erfiðleikum með að ná góðum svefni. Oft geta þau virkað hæg og framtakslaus og eru þar af leiðandi ekki til truflunar í skólasterfi; þeim er því síður vísað til greiningar en börnum sem láta meira á sér bera.<sup>27</sup>

### Punglyndi – um 10–30%

Punglyndi getur fylgt ADHD, sérstaklega ef félagsleg staða barnanna er veik. Einkenni ADHD skapa oft erfiðleika í félagslegum samskiptum sem leiðir til þess að barninu er ekki boðið í afmæli eða að leika við önnur börn í heimahúsum. Þeim gengur einnig misvel að sanna sig í íþróttum eða öðru tólmstundastarfi. Eftir því sem ósigrarnir verða fleiri dregur úr sjálfstrausti barnsins og þunglyndi getur gert vart við sig. Þá er átt við viðvarandi þunglyndi sem getur orðið til þess að barnið einangrar sig, það verður áhugalaust, getur átt í erfiðleikum með svefn eða sefur daglangt, missir matarlyst, verður of sjálfsgagnrýnið og talar jafnvel um að deyja.<sup>28</sup>

## Hegðunarröskun – um 10–25% barna

Oft koma einkenni hegðunarröskunar fram í því að reyna að brjóta reglur án þess að vera gripin(n). Börn með hegðunarröskun geta átt til að sýna árásgirni gagnvart fólki eða dýrum, eyðileggja hluti, ljúga eða stela frá öðrum, strjúka, skröpa í skóla og virða ekki reglur um útivistartíma. Börn með bæði ADHD og hegðunarröskun eru líkleg til að eiga í lestrarerfiðleikum og einnig félags- og tilfinningalegum erfiðleikum. Auk þess eru þau í áhættu gagnvart vímuefnamisnotkun.<sup>29</sup>

## Áráttu-þráhyggjuröskun – um 10–30%

Áráttu-þráhyggjuröskun lýsir sér í endurteknum truflandi hugsunum (þráhyggja) og/eða endurteknum þrálátum athöfnum sem trufla daglega virkni (árátta), til dæmis hreinlætisárátta eða söfnunarárátta. Sumir með áráttu-þráhyggju virðast festast í þrálátum hugsunum um eitthvað sem þeir hafa lesið, skrifað, rætt um eða hugsað og þeim er nánast ókleift að halda áfram og færa athyglina aftur að því sem þeir voru að gera og ljúka því. Einkenni áráttu-þráhyggjuröskunar geta enn fremur haft þau áhrif að hugsanafæðið verður endurtekið fyrir truflun af þörf fyrir að framkvæma ákveðna athöfn með ákveðnum hætti.<sup>30</sup>


## Sértæk þroskaröskun á hreyfisamhæfingu – um 50%

Röskun á samhæfingu hreyfinga eða klaufska er algeng fylgiröskun ADHD. Hún getur verið mjög hamlandi í sumum tilvikum og sum börn geta þurft iðjupjálfun eða sjúkrapjálfun. Öðrum börnum með vægari frávik í hreyfiproska getur nægt að umhverfið sýni þeim skilning og umburðarlyndi og veiti þeim stuðning.<sup>31</sup>


## Tourette heilkenni – um 7%

Áætlað er að um 7% einstaklinga með ADHD séu með Tourette en um 60% einstaklinga með Tourette séu með ADHD. Tourette einkennist aðallega af hreyfikippum og hljóðkækjum sem eru endurteknir, skammvinnir, ótaktvísir og snöggir. Kækirnir geta aukist við þreytu og taugaspennu.<sup>32</sup>

Foreldrar, kennarar og aðrir þurfa að vera vakandi fyrir einkennum fylgiraskana þegar barn með ADHD kemst á unglingsár, sérstaklega ef almenn úrræði og meðferð skila ekki lengur tilætluðum árangri. Á þessum árum eykst hættu á að einstaklingur með ADHD þrói með sér hegðunarerfiðleika, svo sem mótþróaþrjóskuröskun eða hegðunarröskun. Hátt hlutfall unglingsstúlkna með ADHD glímur einnig við kvíða eða þunglyndi. Þær láta gjarnan lítið á sér bera, eins og áður hefur verið vikið að, og því er hætt við að kennarar taki ekki sérstaklega eftir þeim.<sup>33</sup>



## ADHD ÍSJAKINN



*Oft eru aðeins fáein einkenni ADHD áberandi, það eru þau sem eru ofansjávar á ísjakanum, önnur eru falin, fljóta undir yfirborðinu, en geta engu að síður haft mikil áhrif á heildarmynd ADHD.*

## Greining

### GREININGARSKILMERKI:

- Einkenni komi fram við ólíkar aðstæður.
- Einkenni komi fram yfir lengri tíma.

Til þess að barn uppfylli greiningarskilmerki um ADHD þarf það að hafa hamlandi einkenni athyglisbrests með eða án ofvirkni/hvatvísi við ólíkar aðstæður í daglegu lífi, til dæmis heima og í skóla, um lengri tíma. Einkenni ADHD koma ekki alltaf fram við rólegar og vel skipulagðar kringumstæður. Nauðsynlegt er því að byggja á upplýsingum frá þeim sem best þekkja til hegðunar barnsins við mismunandi aðstæður. Kjarninn í greiningarferlinu er því sjúkra- og þroskasaga barnsins. Venjulega geta foreldrar og kennarar gefið nauðsynlegar upplýsingar þó einnig sé þörf á beinum athugunum á barninu með viðtölum og prófum. Við greiningu á ADHD er stuðst

við alþjóðlega staðlaða spurningalista. Greiningu annast sérfræðingar í barna- og unglingageðlækningum, barnataugalæknar, barnalæknar með sérhæfingu í þroskaröskunum barna og sálfræðingar, t.d. hjá sérfræðiþjónustu skóla.

## Gildi greiningar fyrir kennslu og stuðning

Spyrja má í hverju gildi greiningar felst fyrir kennara og aðra sem skipuleggja skólagöngu nemenda með ADHD eða annan stuðning við þá. Því er til að svara að vönduð greining getur sagt til um ástæður að baki erfiðleikum barnsins og tryggt að gripið sé tímanlega inn í með viðeigandi íhlutun. Mikilvægt er að fá úr því skorið hvort barn sé í raun með líffræðilega röskun á hugrænni heilastarfsemi, sem veikir námslega og félagslega stöðu þess, til að hægt sé að bregðast við og freista þess að fyrirbyggja að vandinn vaxi, verði enn alvarlegri og leiði jafnvel til kvíða og þunglyndis sem eru þekktar fylgiraskanir ADHD.

Niðurstaða greiningar gefur til kynna þarfir barnsins og hvaða meðferð og íhlutun er líklegust til að gagnast. Sérhvert barn með ADHD hefur sína sérstöku samsetningu einkenna, ásamt mismunandi veikleikum og styrkleikum, sem nauðsynlegt er að kortleggja og fá yfirsýn yfir. Greiningu er ætlað að svara hvaða frávík eru til staðar og hvort grípa þurfi til sérstakra úrræða, til dæmis í skóla eða á heimili til skemmri eða lengri tíma, svo sem ýmissa stuðningsúrræða, sérkennslu, einstaklingsbundinnar námskrár eða félagslegra úrræða.

Brýnt er að skólinn mæti strax sértækum þörfum barns, sem er að hefja skólagöngu og grunur leikur á að hafi ADHD eða skyldar raskanir, þótt greining liggi ekki fyrir. Oft þarf að bíða eftir greiningu eða at-hugun sérfræðinga og miklu skiptir að nýta tímann vel í þágu barnsins. Í flestum skólum eða á skólaskrifstofum starfar fagfólk sem leita má til.

## Ofgreining – vangreining

Sífellt fleiri börn greinast með ADHD og því er skiljanlegt að margir álíti að um ofgreiningu sé að ræða en samkvæmt rannsóknum er það ekki svo.<sup>34</sup> Hérlandis eru í hverjum árgangi um 4000–5000 börn

### GILDI GREININGAR:

- Getur sagt til um ástæður.
- Tryggir viðeigandi íhlutun.

(Hagstofa Íslands, 2011). Miðað við að tíðni ADHD sé um 7,5% að meðaltali máætla að u.þ.b. 330 börn í hverjum árgangi geti verið með ADHD. Á aldursbilinu 0–18 ára væru það um 6000 börn.

### Sum börn með ADHD eru ólíklegri til að fá greiningu en önnur.

- Börn með ADHD þar sem athyglisbrestur er ráðandi einkenni en þau eru hvorki ofvirk né árásargjörn. Þau sitja gjarnan hljóð í sætum sínum og því er líklegt að ekki komi í ljós hamlandi áhrif ADHD einkenna fyrr en á unglingastiginu þegar þau standa ekki undir þeim kröfum sem gerðar eru.
- Stelpur með ADHD eru ólíklegri til að vekja athygli kennara því þær eru síður árásargjarnar og sýna síður truflandi hegðun en strákar með ADHD. Almennt virðast stelpur vera hlýðnari og sækjast meira eftir viðurkenningu frá kennurum. Þær leggja oft á sig mikla vinnu til að ljúka verkefnum og heimanámi. Einkenni þeirra þurfa að vera mun alvarlegri en hjá strákum til að þær fái greiningu.
- Mörg bráðger börn finna leiðir til að bæta fyrir skerta námsgetu vegna ADHD einkenna þar til á unglingastigi eða framhaldsskólastigi þegar álagið og kröfurnar aukast til muna.
- Börn með annað móðurmál en íslensku.
- Börn sem hafa greinst með námserfiðleika eins og til dæmis sértæka lestrarerfiðleika. Hætta er á að þegar barn er komið með eina greiningu sé ekki kannað hvort um fleiri raskanir geti verið að ræða.



### Ef barn hefur greinst með ADHD er brýnt að hafa eftirfarandi í huga.

- Foreldrar bera meginábyrgð á velferð, uppeldi og umönnun barna sinna. Eftir að barn hefur greinst með ADHD ættu kennarar að benda foreldrum á að leita sér þekkingar og sækja fræðslu og námskeið um röskunina og mögulegar meðferðarleiðir til að geta tekið vel upplýstar ákvarðanir um aðgerðir og úrræði.
- Góð samvinna og samskipti allra sem koma að máli barnsins er lykilatriði. Þá er átt við foreldra og kennara, ásamt öðru starfsfólki skóla, fulltrúa sérfræðisþjónustu sveitarfélaga og eftir atvikum heilsgæslu- og/eða geðheilbrigðisstofnana.
- Í gegnum skólagönguna getur barnið þurft margvíslegan stuðning á mismunandi tímabilum bæði innan og utan skóla, meðferð sérfræðinga í heilbrigðisþjónustu og félagsleg úrræði.
- Sérkennsla og annar námslegur stuðningur eru veigamiklir þættir í því að styrkja námslega og félagslega stöðu barna með ADHD.



## Meðferð við ADHD

Viðurkenndar meðferðarleiðir við ADHD eru einkum lyfjameðferð, sálfélagsleg meðferð (atferlismótandi) eða samsett meðferð (lyfja- og sálfélagsleg meðferð). Þessar meðferðarleiðir teljast gagnreyndar sem þýðir að sýnt hefur verið fram á árangur þeirra með fjölda rannsókna og viðurkenndri aðferðafræði.<sup>35</sup>

Engin meðferð hefur fundist sem lækna ADHD. Meðferð við ADHD miðar að því að halda einkennum í skefjum og styrkja umhverfi barnsins til að ná stjórn á röskuninni. Styrking á umhverfi barnsins felst meðal annars í að fræða fjölskyldu þess og starfsfólk skóla um ADHD og árangursríkar uppeldis- og kennsluáferðir.


Sálfélagslegar meðferðir sem eru atferlismótandi hafa reynst vel bæði í skólafunni og heima. Hafa verður þó í huga að árangur er oft aðstæðubundinn og ekki er tryggt að framfarir á einum stað komi fram almennt eða yfirferist á aðrar aðstæður.<sup>36</sup> Samsett meðferð, sálfélagsleg og lyfjameðferð, gefur oft besta raun í málum barna með ADHD. Þverfagleg teymisvinna fagaðila bætir árangur og gerir meðferð við ADHD skilvirkari.<sup>37</sup>

Rannsóknir benda til, og það á við um bæði lyfjameðferð og sálfélagslega meðferð, að framfarir vari aðeins á meðan á meðferð stendur. Því verður að líta á ADHD líkt og hverja aðra langtímaröskun eða ástand sem þarfnast viðvarandi meðferðar. Barnið losnar ekki við röskunina en meðferðin getur haldið einkennum í skefjum. Með markvissri fræðslu byggist upp þekking á ADHD í nærumhverfinu og á leiðum til að styðja barnið náms- og félagslega. Sum börn með ADHD hafa gagn af þjálfun í félagsfærni, sérstaklega ef þjálfunin er samfléttuð skólafunni og námsáætlun barnsins.<sup>38</sup>

Lyfjameðferð er úrræði við ADHD sem telst vera best studd af rannsóknum. Hérlandis eru meðal annars notuð lyfin Rítalín, Equazym, Rítalín Uno, Concerta og Strattera. Rítalín og Equazym eru skammverkandi lyf en Rítalín Uno og Concerta langverkandi forðalyf sem öll innihalda methýlfenidat. Aukaverkanir geta verið lystarleysi, kvíðverkir, höfuðverkur, þirringur og svefntruflanir. Á undanfórnum árum hefur aukist notkun á lyfinu Strattera en það inniheldur ekki methýlfenidat og virkar bæði á einkenni ADHD og kvíða. Strattera

### MEÐFERÐARLEIÐIR:

- Lyfjameðferð
- Sálfélagsleg meðferð
- Samsett meðferð



hefur minni áhrif á matarlyst og svefn en þau lyf sem innihalda methýlfenídat. Það getur þó valdið ógleði og haft róandi áhrif.<sup>39</sup> Í engum tilfellum á að beita lyfjameðferð án þess að gerð hafi verið vönduð greining á einkennum barns. Talið er að um 75–80% barna með ADHD svari lyfjameðferð.


## Óhefðbundnar meðferðarleiðir

Á Íslandi, sem og víðar í heiminum, leita sífellt fleiri í óhefðbundnar meðferðir við ýmsum kvillum og röskunum, sama á við um foreldra barna með ADHD. Er þá helst að nefna leiðir eins og breytt mataræði, bætiefni, höfuðbeina- og spjaldhryggjarjöfnun, hómópatíu, aukna útiveru og hreyfingu og fleira. Rannsóknir sem styðja árangur þessara meðferða hafa ekki uppfyllt kröfur vísindasamfélagsins. Á síðasta áratug hefur þó fjölgað rannsóknum sem styðja ýmsar óhefðbundnar meðferðir sem hluta af samsettri meðferð.<sup>40</sup>

## Kennsla grunnskólanema með ADHD

Allflest börn og unglingar sem greinast með ADHD eiga erfitt með að mæta reglum og kröfum í daglegu lífi og skólastarfi. Er þá m.a. átt við sjálfstæð og öguð vinnubrögð, sem hamla getu þeirra til að skipuleggja heimanám og axla ábyrgð á námsgögnum, halda sig að verki og ljúka verkefnum. Skipulagsleysi á mörgum sviðum getur bitnað á náminu. Ekki er óalgengt að börn með ADHD glími við hægan vinnsluhraða og erfiðleika í vinnsluminni, sem takmarka afköst og úthald við nám og skerða hæfni til að geyma upplýsingar í minni, vinna úr þeim og komast að niðurstöðu. Um helmingur nemenda með ADHD greinist með sértæka námserfiðleika sem birtast m.a. í lestrar- og ritunarnámi, við að skilja stærðfræðileg hugtök og beita þeim, leysa löng, samfelld verkefni svo eitthvað sé nefnt.<sup>41</sup>

Erfitt getur reynst að átta sig á hvar vandi barns með ADHD liggur þar eð ástundun þess er oft sveiflukennnd. Tímabil geta komið þar sem barnið virðist ráða vel við námið og sýnir eðlileg afköst án þess að það sé viðvarandi. Því er ekki óalgengt að kennarar dragi þá ályktun



*Dæmi um mismunandi samsetningu ADHD og fylgiraskana hjá tveimur börnum.*


að barnið gæti staðið sig betur ef það legði sig fram. Aldrei er of oft bent á að takmörkuð ástundun barns með ADHD er ekki spurning um *vilja*. Börnin hafa hvert um sig einstaklingsbundna samsetningu ADHD einkenna og fylgiraskana, mismunandi styrkleika og veikleika og nálgast nám sitt á ólíkan hátt. Oftast eiga þau, einkum á unga aldri, jafnframt erfitt með að beita sig sjálfsaga.<sup>42</sup>

Mikilvægt er að viðeigandi kennsluáðferðir og kennsluáðstæður séu valdar þegar um er að ræða nemendur með ADHD. Kennslan þarf að taka mið af styrkleikum nemenda og þörfum. Í samvinnu þverfaglegs teymis, foreldra og eftir atvikum nemenda er lagt mat á þessa þætti. Gæta skal þess að huga jafnt að námslegum þörfum og stuðningi við hegðun og mótun æskilegrar framkomu.<sup>43</sup> Leggja þarf áherslu á skýra ramma og rúttínu, sjónrænar leiðbeiningar í umhverfinu og markvisst hvatningarkerfi ef það hentar.

Sum börn með ADHD þurfa á auknum stuðningi að halda frá sérkennara, námsráðgjafa, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, stuðningsfulltrúa eða öðrum. Nauðsynlegt getur verið að semja einstaklingsnámskrá þar sem tilgreint er hvernig nám og kennsla er lagað að þörfum barnsins hverju sinni. Einstaklingsnámskrá er unnin í samvinnu kennara, foreldra og eftir atvikum nemanda og þarf að vera í stöðugri endurskoðun. Við gerð einstaklingsnámskrár er þýðingarmikið að jafna vægi bóklegra og verklegra greina. Æskilegt er að flétta inn í daglega stundatöflu áhugasvið barns og verklegar greinar, til að skapa fjölbreytni og draga úr álagi á barnið sem alla jafna þarf í hverri kennslustund að takast á við námsgreinar og aðstæður sem oft reyna mjög á það.

#### **MIKILVÆG ATRIÐI Í KENNSLU:**

- Skýrir rammar
- Rúttína
- Sjónrænar leiðbeiningar
- Hvatning
- Hrós



Skipulag náms og skólagöngu barna með ADHD þarf að ná til þriggja þátta. Þeir eru:

- Aðlögun náms- og kennsluáðstæðna
- Aðlögun náms og kennslu
- Stuðningur við hegðun og atferlismótun

Hér á eftir verður fjallað nánar um þessa þrjá þætti. Hafa skal í huga að flest sem er nefnt nýtist vel í kennslu allra nemenda, hvort sem þeir eru með ADHD eða ekki. Mismunandi er hvað hentar einstökum kennurum og nemendum. Áðstæður í skólum eru ólíkar og það sem gengur vel í einum skóla kann að vera óframkvæmanlegt í öðrum. Hér er því um að ræða hugmyndabanka en ekki forskrift eða fyrirmæli. Fyrst verður hugað að kennsluáðstæðum, síðan kennsluáðferðum og loks stuðningi við hegðun.

## Aðlögun náms- og kennsluáðstæðna

Margt er hægt að gera varðandi skipulag áðstæðna til að auka líkurnar á að nemendum með ADHD nýtist kennslan sem best og þeir geti einbeitt sér eins vel og unnt er. Mikilvægast er að skapa andrúmsloft vellíðunar, umburðarlyndis og öryggis. Börn sem óttast hvorki mistök né það að vera klaufaleg eru líklegri en ella til að vera opin og virk og taka þátt í verkefnum og leik. Fastar vinnuvenjur og einfaldar reglur skipta miklu máli.

### Skipulag í skólastofu

- Nemanda með ADHD hentar venjulega best að **sitja nálægt kennaranum**. Við það fæst öryggi og kennarinn á auðvelt með að fylgjast með nemandanum og veita honum leiðsögn. Best er að sessunautar séu góðar fyrirmyndir og að áreiti sé sem minnst í kringum nemandann. Það getur einnig hjálpað nemendum með ADHD að sitja þannig að þeir hafi yfirsýn yfir bekkinn og viti hvað er að gerast. Þá er minni hætt á því að það hafi truflandi áhrif á þá.
- Gefa má nemanda kost á að **sitja einn við borð**. Nemanda með ADHD hentar yfirleitt ekki að sitja andspænis öðrum nemendum. Sumum getur hentað að vinna liggjandi á gólfinu eða standandi við



*Dæmi um hentugt skípulag í skólaflokkum fyrir nemanda með ADHD.*

borð. Hjálpað getur að afmarka vinnupláss með límbandi á borðplötu eða gólfi.



- Útbúa má sérstaka aðstöðu í skólaflokkum, **afmarkað og rólegt svæði** (t.d. með gólfmottu og mjúkum sessum), sem allir nemendur geta notað, ekki aðeins nemendur með sérþarfir. Nemendur geta farið þangað og unnið ef þeir vilja fá algjört næði.
- Mikilvægt er að nemendur hafi **sérstakan stað fyrir gögn og verkefnaskil**. Merkja þarf greinilega hillur, skúffur/bakka, möppur o.s.frv. Oft getur hjálpað að aðgreina námsgreinar með lit, t.d. má geyma námsgögn og bækur í íslensku í rauðri teygjumöppu og merkja með sama lit á stundatöflu og þann stað sem íslenskuverkefni eiga að vera. Ef nemendur kjósa að vera með allar bækur og námsgögn í skólatöskunni til að gleyma þeim ekki heima eða í skólanum ber að virða það.
- Leitast skal við að **draga úr sjónrænu og hljóðrænu áreiti** eftir því sem kostur er; til þess má m.a. nota skilríúm en einnig má minnka eða slökkva ljós öðru hvoru til að skapa ró og næði. Tónlist getur stundum skapað róandi andrúmsloft. Það hjálpar oft nemendum með ADHD að hlusta á tónlist með heymartólum við vinnu og próftöku. Sumum finnst einnig gott að vera með húfu, hettu eða buff á höfðinu til að verjast áreiti eða nota heymarhlífar.

## Aðlögun náms og kennslu

Við aðlögun náms- og kennsluáferða þarf að taka mið af aldri og þroska þess barns sem í hlut á hverju sinni. Þess ber að geta að barn með ADHD getur haft góðan skilning á náminu, þ.e. inntaki námsins,

### GILDI SJÓNÆRNA VÍSBENDINGA:

- Nemandi þarf ekki eingöngu að reiða sig á talað mál.
- Auka sjálfstraust og sjálfstæði.
- Draga úr þörf fyrir stuðningsfulltrúa.
- Draga úr óróleika.



Tvær útfærslur af stundaskerám/tímariömmum. Lítil kort með viðfangsefnum kennslu- stundar/dags fest á spjald með frönskum rennilás. Á stundaskrá A er flett yfir þegar verkefni er lokið og byrjað á því næsta. Á B batist við reitur fyrir mat, t.d. „broskall“, stjörnur eða annað. Ljósmynd af kennara tryggir að nemandi viti hver tekur við en góð yfirsýn skapar öryggi og dregur úr kvíða. Sjá fleiri útfærslur á vefnum [serkennslutorg.is](http://serkennslutorg.is).

## SJÓNÆNAR VÍSBENDINGAR:

- Tímarammar
- Stundatöflur
- Dagsáætlun
- Vikuáætlun
- Skólareglur
- Hegðunar- leiðbeiningar

en minniserfiðleikar hafa gjarnan áhrif á námsgetuna; mikilvægt er að gera greinarmun þar á.

Sjónrænar vísbendingar og tímarammar í skólaumhverfinu geta hjálpað nemendum með ADHD að átta sig á væntingum sem til þeirra eru gerðar, skipuleggja hugsun sína, athafnir og tíma. Með sjónrænum vísbendingum er til dæmis átt við að stundatöflur, dagsáætlun, tímaáætlun og hvers kyns leiðbeiningar séu sýnilegar á veggjum, einnig leiðbeiningar og myndir um æskilega hegðun og umgengni, skólareglur o.s.frv. Slík leiðarljós ættu að vera á fleiri en einum stað í skólanum þannig að auðvelt sé að benda á þau og jafnvel lesa upphátt fyrir barnið. Með öðrum orðum, það skiptir miklu að barnið viti hvað það á að gera, hvar það á að vera, með hverjum, hvenær og hvernig.

Hér á eftir eru nefndar nokkrar hagnýtar hugmyndir og ábendingar sem gott er að hafa í huga við nám og kennslu nemenda með ADHD:

- Gefa **skýr fyrirmæli** með fjölbreytilegum hætti, munnleg og sjónræn, og fylgja eftir með skýrri líkamstjáningu. Oft getur þurft að hjálpa





## HVATNING OG HRÓS:

- Klapp á öxl
- Þumalfingur upp
- Fimma (lófi að lófa)
- Munnleg: Flott hjá þér, frábært, þú getur þetta!

barninu að hefja vinnu þar sem það getur átt erfitt með að koma sér að verki.

- Leggja áherslu á **lykilatriði**, fyrir summa getur verið nauðsynlegt að ítreka og segja jafnvel beint: Þetta er mikilvægt, skrifaðu þetta niður, reyndu að muna þetta.
- Fá nemanda til að **endurtaka fyrirmæli**, ræða þau við bekkjarféлага eða beita öðrum leiðum til að hnykkja á þeim og festa áður en byrjað er á úrvinnslu verkefna.
- Hafa **verkefni afmörkuð, stutt og viðráðanleg** svo að nemandi hafi góða yfirsýn yfir hvað á að gera og geti lokið verkefnunum. Það auðveldar einnig kennara að veita endurgjöf og hrós sem er þýðingarmikið. Þegar hrósað er skiptir máli að nemandi viti fyrir hvað er verið að hrósa.
- Stundum getur verið hjálplegt að **taka námsbækur í sundur** og búta í nokkra hluta til að auðvelda nemendum að sjá fyrir endann á verkefnum hverju sinni og draga úr kvíða. Einnig að búta niður verkefni, t.d. að hafa fjögur dæmi á blaði í stað tíu dæma.
- Setja áætlaðan tíma **vinnulotu á töfluna og/eða nota tímavaka**. Gæta þess að bæði verkefni í kennslustundum og heimanámsverkefni taki mið af úthaldi nemandans. Oft hjálpar að nota vinnuspjald sem lýsir fjórum eða fimm skrefum við að leysa og ljúka verkefni.

## SKÝR FYRIRMÆLI:

- Stutt og hnitmiðuð
- Einföld
- Áhersla á lykilatriði
- Ákveðinn raddblær
- Endurtekning
- Augnsamband

7


**VINNUSPJALD**  
(Sýnishorn)

	Það sem á að gera:	😊	😐	😞
1.	Lesi bók			
2.	Búa til 4. orð Stafasækjan			
3.	Skrifa orðin – Búa til setningar			
4.	Telna mynd			
5.	Ganga frá			

\* Nemandi krossar í viðspjaldinu þegar hann hefur lokið við verkefni og mætur hvort hann hefur gengið skrefið til milli og hafa hann önnur verk sem er myndi við þegar nemandi hefur lokið verkefni.

© 2017 - Færsluáskipting. Allt rétt er gætt.

*Dæmi um vinnuspjald.*



Slík tímastjórnun á einkum við verkefni sem vinna á yfir tiltekinn tíma en hentar einnig við vinnu í kennslustund, einkum fyrir yngstu nemendurna.

- Hafa **verkefnablöð skýrt uppsett**, lífleg og myndræn. Verkefni með eyðufyllingum og krossaspurningum henta vel mörgum nemendum. Leitast við að draga úr skriftarkröfum með því að fækka opnum spurningum. Ef svara á spurningum er æskilegt að hafa pláss fyrir svör á sama blaði.
- **Stroka ekki of fljótt út** skrifleg fyrirmæli á töflu heldur leyfa þeim að standa.
- Gæta þess að **markmið** hópverkefna sé skýrt, orðalag ljóst og að nemendur fái tíma til að hugsa sig um og ráðfæra sig við sessunaut áður en hópumræður fara í gang.
- **Skrá heimanám í Mentor** til að auðvelda foreldrum að fylgjast með. Kynna fyrir foreldrum kennsluáætlun, námsleiðarvísa og upplýsingar um langtímaverkefni, skiladaga verkefna og prófdaga í byrjun annar. Nauðsynlegt getur verið að endurtaka eða minna á á miðri önn.
- Í vissum tilvikum getur hjálpað að hafa **tvö sett af kennslubókum**, annað í skólanum og hitt heima þar sem börnum með ADHD hættir til að gleyma og týna skóladótinu sínu. Jafnframt má benda foreldrum á að gott er að eiga líka nóg af skriffærum.
- Reynst getur vel að barnið fái **stuðning við heimavinnu í skólanum**, sérstaklega ef foreldrar eiga erfitt með að aðstoða barnið við heimanám.
- Gæta þess að börnin fái að **njóta sinna sterku hliða**, fela þeim hlutverk eins og að leiðbeina sér yngri nemendum, séu þau sérstaklega góð í einhverju, eða taka að sér verkefni sem þau ráða við, t.d. að hjálpa húsverðinum, kennaranum o.s.frv. Slík verkefni geta bæði veitt gleði og styrkt sjálfsmyndina.


BYRJUN KENNSLUSTUNDAR	KENNSLUSTUNDIN	LOK KENNSLUSTUNDAR
<ul style="list-style-type: none"><li>• Hljóðmerki gefið um að kennslustundin sé byrjuð.</li><li>• Viðfangsefni skráð á töflu.</li><li>• Skýrt frá hvað á að gera, hvaða gögn á að nota og hverju á að skila.</li><li>• Augnsambandi náð við nemanda með ADHD.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Áhersla á skýr fyrirmæli og sjónrænar leiðbeiningar.</li><li>• Nem. fær að vinna í lotum með stuttum hléum.</li><li>• Merki eins og snerting á öxl, gulur miði á borðið, til að halda nem. að verki.</li><li>• Nem. fær e-ð til að handfjatla, t.d. lítinn svampbolta, til að losa um spennu.</li><li>• Nem. ekki látinn leysa flókin verkefni fyrir framan aðra.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>• Farið yfir helstu atriðin.</li><li>• Ef sett er fyrir verkefni eru a.m.k. tveir nemendur beðnir að endurtaka hvað á að gera og loks bekkurinn í kór. Líka skrifað á töflu.</li><li>• Skýrt tekið fram hvað á að fara með heim.</li></ul>

*Dæmi um skipulag kennslustundar sem tekur mið af þörfum nemenda með ADHD.*




## Hjálpargögn

- Nota má **hjálpargögn við skrift** eins og hjálpargrip, penna eða blýanta með góðu gripi ef nemandi á erfitt með fínhyfingar.
- **Heyrnarhlífar** sem dempa hávaða og hljóðrænt áreiti geta auðveldað einbeitingu eða heyrnartól þegar hlustað er á tónlist eða hljóðbók.
- Sumum nemendum með ADHD hentar að nota **hljóðbækur** sem fást hjá Námsgagnastofnun og á Blindrabókasafninu. Það getur hjálpað til við einbeitingu að hlusta og fylgjast samtímis með textanum í bókinni eða á tölvuskjá.
- Nota má **talgevla** í tölvum til að fá stafrænan texta lesinn. Hægt er að fá orðin eða setningarnar í textanum sem lesinn er merkt og auðvelda þannig lesanda að fylgjast með í textanum. Velja má um kvenmanns- eða karlmansrödd. **Forritið EasyTutor** er eitt slíkt forrit, annað er IvonaReader. Nánari upplýsingar og leiðbeiningar um notkun fást hjá TMF-Tölvumiðstöð og á Blindrafélaginu. Þar fást einnig upplýsingar um íslenska talgevlinn.
- **Forritið Foxit Reader** opnar stafræn skjöl (PDF), t.d. vinnubækur, og gerir nemendum sem eiga erfitt með að skrifa kleift að vinna skrifleg verkefni með hjálp tölvu í stað þess að nota skriffæri, vista þau og prenta. Upplýsingar má fá hjá TMF-Tölvumiðstöð.
- **Ýmis hugbúnaður** er til þess fallinn að gera nám sjónrænt. Flestar tölvur hafa leiðréttingarpúka og hugbúnað sem styður tímastjórnun og skipulag, samanber gula miða.
- Í sínum eru **möguleikar á minnishringingu** en í þá má setja áminningu fram í tímann um skiladaga verkefna, stundatöflu o.fl., sjá nánar á vefsíðu ADHD samtakanna og hjá TMF-Tölvumiðstöð. Kennarar, foreldrar og nemendur geta sent áminningar í farsíma fram í tímann í gegnum ýmis dagbókarform á vefnum. Þá má einnig finna gagnleg smáforrit í farsíma og snjallsíma.
- **Tímavaki** er tímamælir sem gefur sjónrænt merki um að vinnulota sé hafin, sýnir hvað tímanum líður og hvenær lotunni lýkur.



*Í þessum bókum má finna bægnyt ráð sett fram á aðgengilegan hátt fyrir börn á mið- og unglingsstigi.*



## Námstækni – nokkur góð ráð

- Þjálfva **vinnsluminni**, t.d. með því að tengja saman orð og myndir, með sjónrænum stikkorðum, spilum og tölvuleikjum, sjá vefslóðir á bls. 52.
- Kenna **minnistækni** til að auðvelda nemanda að muna og rifja upp námsefni. Tengja nýjar upplýsingar við fyrri þekkingu, sjá vefslóðir á bls. 52 og 53.
- Kenna **skipulagningu** og benda á gögn sem gagnast í því skyni eins og að nota lausblaðamöppur, minnisbók, áherslupenna, tölvur, farsíma o.fl.
- Kenna **námstækni**, svo sem að skrifa á spássíu, strika undir eða gera hring um lyklatríði, nota mismunandi liti til að greina atriði (nöfn, staðarheiti, ártöl), glósa (t.d. skipta blaði í tvennt og hafa aðalatriði vinstra megin og útskýringar hægra megin), skammstafa.
- Leyfa **fjölbreytni í verkefnaskilum**, að skila munnlega eða verklega, skila hljóðupptökum svo eitthvað sé nefnt. Nemendum með ADHD hættir til að týna verkefnum og því getur verið gott að eiga þau vistuð á tölvu.
- Nota **hjálpargögn** sem auðvelda nemanda að muna, svo sem margföldunartöflur, orðalista, hugtakakort og límmiða til að skrifa á hugmyndir áður en þær gleymast.
- Kenna **sjálfshjálpariði í þrepum** sem felst í því að áætla, forgangsraða, tímasetja og fylgja síðan áætluninni. Gott er að gera tímalínu og tímasetja hvern áfanga fram að lokaskiladegi.

### 4

**HEIMAVINNA – ÁÆTLUN**

Nafn: \_\_\_\_\_ Dagskrifing: \_\_\_\_\_

Tími sem ég setfa að nota í heimavinnu: \_\_\_\_\_

**Lota 1**  
Íhúð sem ég setfa að gera: \_\_\_\_\_

☺ 5 mínútna hálí þú setfa ég að \_\_\_\_\_

**Lota 2**  
Íhúð sem ég setfa að gera: \_\_\_\_\_

☺ 5 mínútna hálí þú setfa ég að \_\_\_\_\_

**Lota 3**  
Íhúð sem ég setfa að gera: \_\_\_\_\_

☺ 5 mínútna hálí þú setfa ég að \_\_\_\_\_

*Oft er auðveldara fyrir nemendur að takast á við heimavinnu ef henni er skipt í lotur.*

### VIKAN: \_\_\_\_\_

Verkefni: Enska: bls. 10–15, stærðfræði: bls. 8–12, íslenska: Sögur og verkefni  
Áætlun

1. dagur	Lokið	2. dagur	Lokið	3. dagur	Lokið	4. dagur	Lokið	5. dagur	Lokið
Enska 10–11 kl. 17–18		Enska 12 kl. 17–17:30		Enska 13 og 14 kl. 16–16:45		Íslenska Saga A kl. 17–17:45		Íslenska Saga B og verkefni kl. 17–17:45	
		Stærðfræði bls. 8–9 kl. 17:45– 18:30		Stærðfræði bls. 10 og 11 kl. 17–17:30		Stærðfræði bls. 12 kl. 18–18:30		Enska Verkefni 15 kl. 18–18:30	

*Dæmi um þrepaskipta áætlun.*


## Námsmat

Huga þarf sérstaklega að því að nemendum með ADHD séu sköpuð kjörskilyrði til að sýna fram á þekkingu sína þegar námsmat eins og próf er á döfinni. Nauðsynlegt er að huga vel að eftirtöldum atriðum:

- **Kenna próftækni** og gefa nemendum, sem þess þurfa vegna takmarkaðs úthalds, kost á að taka próf í lotum með hvíld á milli, jafnvel að skipta próftöku á milli daga. Sumum nemendum með ADHD dugar að fá lengdan próftíma.
- Reynst getur hjálplegt að skipta námsefni í fleiri **smápróf**.
- Gefa kost á **munlegum prófum** eða „ritara“ í prófi og tölvuútskriftum.
- Hjálpað getur að **lesa spurningar með eða fyrir nemanda** til að fyrirbyggja misskilning.
- **Krossapróf og eyðufyllingarpróf** geta hentað nemendum með ADHD betur en opnar spurningar.
- Láta námsmat fremur byggjast á **verkefnavinnu** en skriflegum prófum. Þetta á einkum við námsgreinar eins og samfélagsfræði, náttúrufræði, sögu, bókmenntir o.fl. Skert vinnsluminni veldur því að nemendur með ADHD eiga erfitt með að leggja á minnið aðalatriði í lesnum texta. Með þessu móti má koma í veg fyrir prófkvíða.
- Hvetja nemendur með ADHD til að **nota krassblöð við próftöku** þar eð krass og krot getur losað um spennu.
- Hægt er að koma til móts við nemendur með ADHD með því að gefa þeim kost á að **endurtaka próf** í greinum sem þeir eru mjög slakir í. Sama á við þegar nemendur skila verkefnum of seint. Þá þarf að hugleiða hvort rétt sé að gefa þeim færi á að bæta fyrir það með einhverjum hætti.

## Stuðningur við hegðun og atferlismótun

Lykillinn að góðri bekkjarstjórnun felst í að ná jákvæðu og vingjarnlegu sambandi við nemendur. Sýni kennarar börnum með ADHD skilning, festu, samkennd og þolinmæði er líklegt að góður árangur náist. Kennari þarf ávallt að vera sér meðvitaður um að hann er fyrirmynd barnsins. Börn leggja venjulega hart að sér og sýna samstarfsvilja til að geðjast þeim sem þeim líkar við, treysta og virða. Þótt lögð sé áhersla á persónuleg tengsl nemenda og kennara verða kennarar ávallt að gæta



að fagmennsku sinni og forðast að taka framkomu og athugasemdir nemenda persónulega. Ástæðulaust er þó að draga dul á að persónulegir þættir geta vegið þungt í samskiptum kennara og nemenda.

Góð bekkjarstjórnun helst í hendur við góða kennsluhætti. Kennslan þarf að vekja áhuga nemenda, þeir þurfa að geta tengt sig við viðfangsefnið og sjá tilgang í þeim. Enn fremur er mikilvægt að nemendur hafi yfirsýn yfir verkefnið og viti ávallt hvað á að gerast næst.

Við ákveðnar aðstæður geta líkur á óæskilegri hegðun nemenda aukist. Þetta getur tengst vissum stöðum eða tíma dagsins, sérstökum viðfangsefnum eða persónum, þ.á.m. skólafélögum, og er að sjálfsögðu einstaklingsbundið. Börnum með ADHD reynist oft erfitt að takast á við breytingar og kringumstæður þar sem hlutirnir eru ekki í föstum skorðum eða undir stjórn fullorðinna. Sem dæmi má nefna frímínútur, máltíðir í matsal, aðstæður í búningsherbergjum og á salernum og í vissum sérgreinatímum. Mikilvægt er að fylgjast með líðan og hegðun nemenda við slíkar aðstæður og freista þess að fyrirbyggja óæskilega hegðun ef hættu er á að hún geti komið upp. Enn fremur þarf að vera vel vakandi ef nemandi sýnir merki um uppnám, vanmátt, reiði, þirring eða er við það að missa stjórn á sér og grípa þá inn í samstundis.

Ávallt skal hafa hugfast að aðgreina nemandann frá hegðuninni og muna að það er hegðunin sem er erfið, dæmi um leiðsögn væri að segja: nú ertu ekki að sýna góða hegðun, í stað þess að segja mikið ertu erfið(ur).

### **Kringumstæður og atriði sem geta kallað á óæskilega hegðun:**


- Umhverfi eða aðstæður sem nemandi þykja óþægilegar. Mikill hávaði, gangar, matsalur, leikvöllur, búningssklefar eða aðrir staðir þar sem skortur er á umgjörð, skýrum ramma eða stjórnun. Viðfangsefni, viðburðir eða tiltekna námsgreinar. Ákveðið vinnulag eins og hópumræður, samvinnuverkefni þar sem margir þurfa að deila sömu námsgögnum, löng verkefni eða verkefni sem nemandinn ræður illa við. Fyrirvaralausar breytingar.
- Líkamleg vanlíðan eins og svefnleysi, þreyta eða svengd.
- Kröfur um tiltekna frammistöðu eða færni eins og að tala fyrir framan bekkinn, sitja kyrr í sæti sínu, lesa upphátt, bíða eftir að röðin komi að sér o.s.frv.

- Vissar persónur. Nemandi getur orðið „háður“ kennara sínum eða stuðningsfulltrúa og átt erfitt ef viðkomandi er fjarverandi. Eins getur nemandi átt í viðvarandi erfiðleikum með samskipti við sömu skólafélagana. Það getur líka átt við vissa kennara.




*Í umhverfi þar sem skortur er á skýrum römmum, stjórnun og eftirliti fullorðinna eins og t.d. í búningsklefum geta börn með ADHD átt erfitt með að lesa í aðstæður og haga sér í samræmi við væntingar.*

### Ferli í búningsklefanum



*Koma má í veg fyrir öryggisleysi og óæskilega hegðun með undirbúningi. Hér er dæmi um þrepaskipt ferli í búningsklefa. Teikningarnar geta t.d. verið á tveimur renningum sem eru heftaðir saman. Þær eru af vefnum do2Learn.*

Hér á eftir fara ábendingar og hugmyndir um hegðunarmótun og bekkjarstjórnun sem geta komið í veg fyrir árekstra og óvæntar uppákomur. Vissulega fer það eftir aldri, þroska nemenda og aðstæðum hvað á við hverju sinni.



- Hafa sýnilega dagskrá/stundatöflu sem reglulega er minnt á og vísa má til. Láta vita af breytingum með hæfilegum fyrirvara.
- Hafa fáar en skýrar reglur um æskilega hegðun og hegðunarviðmið. Gera barninu ljóst hvað það getur haft í för með sér ef ekki er farið eftir þeim.
- Búa til veggspjöld með setningum eða myndum sem sýna æskilega hegðun, t.d. stundvísi og kurteisi.
- Áminna vinsamlega ef vart verður við óæskilega hegðun við skimun yfir bekkinn.
- Beina athygli nemanda að viðfangsefni sínu og halda honum að verki með því að nota rólega og ákveðna rödd, snerta öxl hans og líta reglulega til hans.
- Leyfa barni með ADHD að krassa í tíma, handfjatla lítinn hlut svo sem strokleður, stressbolta (hveiti í lítilli blöðru) eða teygju til að losa um óeirð og spennu.
- Ræða málin, sýna eða nota hlutverkaleiki til að kenna æskilega hegðun.
- Veita viðurkenningar fyrir góð vinnubrögð, eftirsóknarverða hegðun eða félagslega frammistöðu.
- Beina athygli að nemanda þegar hann sýnir jákvæða hegðun. Hrósa markvisst og tilgreina nákvæmlega fyrir hvaða hegðun er verið að hrósa.
- Taka tafarlaust á óæskilegri hegðun, skýrt og ákveðið. Stundum getur þó verið rétt að leiða hjá sér minniháttar hegðunarfrávik.
- Nota sérstakan passa/hléspjald þegar nemandi hefur ekki meira úthald og hefur gott af að skipta um umhverfi samkvæmt fyrirframerðu samkomulagi.
- Senda nemanda í sendiferð á skrifstofu eða bókasafn ef eirðarleysi er orðið áberandi.
- Minna barnið á þegar eitthvað stendur til, svo sem afmæli, bekkjarkvöld o.s.frv. Hleypa nemanda fyrr út í frímínútur og fyrr eða síðar inn úr frímínútum. Þetta á einnig við um sérgreinaátma.
- Undirbúa nemanda sérstaklega þegar breytingar eru á dagskrá eins og um hátíðir, þegar fara á saman á sal, í vettvangsferðir eða skólaferðalög.
- Stuðla að því að nemandi komist á námskeið í félagsfærni, reiðistjórnun, slökun eða kvíða ef ástæða er til.

Kennarar þurfa að vera sér meðvitandi um að viðbrögð við óæskilegri hegðun geta stundum orðið til að styrkja hegðunina og festa hana í sessi. Þetta á til dæmis við ef nemandi uppsker of mikla athygli full-

**6**

**SAMKOMULAG\***  
Nemandi – kennari

Markmið lærun

Samningur á milli \_\_\_\_\_ og \_\_\_\_\_  
nafn nemanda nafn kennara

Tímabil: \_\_\_\_\_

Það sem ég ætla að gera ...

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

Það sem kennarinn minn ætla að gera ...

1. \_\_\_\_\_

2. \_\_\_\_\_

Við ætlum að hittast aftur og fara yfir áætlunina: \_\_\_\_\_

Undirskrift nemanda \_\_\_\_\_ Undirskrift kennara \_\_\_\_\_

\* Nemandi getur þurft hjálp að að láta.

© 2015, Samkomulag. All rights reserved. 2015.

orðinna eða hlátur skólafélaga þegar hann brýtur reglur eða er vísað út úr kennslustund.

Með margvíslegum hvatningarkerfum er hægt að veita viðurkenningu eða umbun samstundis, ýmist til einstakra nemenda, nemendahópa eða heilla bekkja. Hugmyndin með hvatningarkerfum er að með viðeigandi hegðun eða frammistöðu ávinni nemendur sér réttindi eða annað sem þeim þykir eftirsóknarvert. Ef þessi leið er valin verða kröfur að vera raunsæjar, sanngjarnar og viðráðanlegar fyrir þá sem í hlut eiga. Stundum getur hentað að gera skriflegan samning á milli kennara, nemanda og foreldra um hegðun sem á að bæta, hvernig fylgst verður með framförum og hvaða umbun er í boði. Æskilegt er að samvinna sé á milli heimilis og skóla um þá umbun sem er gefin. Endurgjöf þarf að vera jákvæð og uppbyggileg og hrós ávallt í fyrirrúmi. Þegar atvögnin beinist að öllum bekknum er æskilegt að nemendur taki þátt í að ákveða hvaða ávinningur eða réttindi fylgja bættri hegðun og geta gert skólagönguna skemmtilegri. Ýmsar leiðir eru svo færar til að fylgjast með hvernig miðar í rétta átt.

- Hópur eða lið fær stig sem gefin eru fyrir tiltekna hegðun eins og ástundun, samvinnu, hversu vel gengur að koma sér að verki og skipta um viðfangsefni.
- Baunir í krukku. Venjulega notað fyrir yngri bekki og fer þannig fram að þegar kennari sér að allir vinna vel setur hann baun í krukku og þegar kominn er tiltekinn fjöldi bauna í krukkuna fær bekkurinn umbun.

Ýmsar leiðir geta virkað sem hegðunarmótandi hvatningarkerfi fyrir einstaka nemendur. Hér eru nefnd nokkur dæmi:

- Hegðunarkort. Útbúa má kort þar sem merkt er við þegar hegðun er í samræmi við ákveðin viðmið. Þegar kortlagningu lýkur og í ljós kemur að samræmi er á milli markmiða og hegðunar fær nemandinn umbun.
- Valin eru hegðunaratíði sem þarf að bæta, ekki of mörg. Æskileg hegðun er skilgreind og kortinu er skipt eftir kennslugreinum, tímabilum yfir daginn eða eftir svæðum í skólanum. Kennari fylgist með og merkir inn á kortið. Umbun er veitt í lok hverrar kennslustundar, í lok skóladags eða vikulega eftir því hvað við á.

**1**

**SAMNINGUR\***  
Nemandi – foreldri – kennari

Nafn: \_\_\_\_\_  
Gæli frá \_\_\_\_\_

Markmið min eru að ...  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Til þess að ná þessum markmiðum þarf ég að ...  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Til þess að hjálpa mér ætla  
• mættu að \_\_\_\_\_  
• það að \_\_\_\_\_  
• hvernig ég ætla að \_\_\_\_\_


Undirskrift nemanda \_\_\_\_\_  
Undirskrift kennara \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldra \_\_\_\_\_  
Undirskrift foreldra \_\_\_\_\_



Ýmis gögn eru til þess fallin að hjálpa nemendum til að átta sig á hegðun sinni og tjá sig um tilfinningar, hugsanir og upplifanir. Í CAT-kassanum eru sjónræn gögn sem þróuð hafa verið í þessum tilgangi. Þar á meðal eru tímatöflur, skipulagstöflur, hegðunarspjalð, andlit sem sýna mismunandi tilfinningar o.fl. Nánari upplýsingar á [CAT-kit.com](http://CAT-kit.com).





Nafn: Ari Mánu dagur

Það sem ég ætla að gera:	Heimakrókur	Útikennsla	Heimastofa
Ég ætla að hlusta á kennarann.			
Ég ætla að vanda orðbragð mitt.			

Einfalt hegðunarkort fyrir yngstu nemendurna. Lotur geta verið mislangar. Ef vel gengur fær nemandi t.d. stjörnu. Sjá fleiri sýnishorn á blaðsíðu 63.

10

**YFIRLIT YFIR DAGINN\***

skólar með \_\_\_\_\_ eftir heima líta.

Dagsetning:			
Málmúð →	Situr í kúttinu.	Vinnur verkabúin.	Far eftir fyrirkæðum.
Stundir:	+ - + - + -	+ - + - + -	+ - + - + -
	+ - + - + -	+ - + - + -	+ - + - + -
	+ - + - + -	+ - + - + -	+ - + - + -

Samtals:

- Umsagnir í Mentor eða í samskiptabók. Mikilvægt er að hafa í huga að umsagnir taki bæði til jákvæðra þátta og þess sem þarf að bæta.
- Sjálfmat. Nemandi metur sjálfur ástundun eftir hvern tíma, í byrjun með aðstoð kennara. Nauðsynlegt getur verið að veita umbun oftari, jafnvel samstundis eftir hvert leyst verkefni eða rétta hegðun, en mörg börn með ADHD eiga erfitt með að tengja umbun við athöfn ef hún er liðin, upplifun þeirra snýst um „hér og nú“.



- Margir skólar hafa innleitt uppeldis- og hegðunarmótunaraðferðir eða áætlanir eins og SMTskólafærni (School Management Training), PMTforeldrafærni (Parent Management Training), PBS (Positive Behavior Support), SOS–Hjálp fyrir foreldra og Uppeldi til ábyrgðar. Nánari upplýsingar um þessar aðferðir er að finna á vefsíðum, sjá slóðir í viðauka.

## Unglingar með ADHD

Margir nemendur með ADHD ráða vel við námslegar kröfur sem gerðar eru til þeirra í 1.–7. bekk. Á þessum árum halda umsjónarkennarar ásamt foreldrum yfirleitt vel utan um nemandann, fylgjast með honum og styðja við hann. Öryggisnetið er oftast allþétt og traust. Á unglíngastiginu stækka möskvarnir, rammur gliðna og ætlast er til að nemendur taki sjálfir aukna ábyrgð á náminu. Breyttar námsaðstæður geta reynst mörgum nemendum með ADHD erfður hjalli og hætta





er á að þeir missi tökin á náminu ef ekki er að gáð. Námsferðileikar eru gjarnan undirliggjandi orsök hegðunarvanda hjá nemendum með ADHD. Vísbendingar eru um að aukinn námslegur stuðningur við nemendur með ADHD á unglingsárum sé líklegri til að hafa jákvæð áhrif á bæði hegðun og námslega stöðu en íhlutun sem beinist aðallega að hegðun.<sup>44</sup>


## Áhrif ADHD á nám unglinga

Á unglingastiginu þurfa nemendur með ADHD að takast á við auknar námskröfur eins og aðrir nemendur; kennslustundum og kennurum fjölgar, farið er á milli kennslustofa, aukið álag er á minni og skipulagsfærni og loks aukast væntingar um sjálfsstjórn og sjálfstæð vinnubrögð. Breytingarnar reyna yfirleitt mikið á unglinga með ADHD sem geta átt erfitt með að standa undir þessum nýju og auknu kröfum. Ýmis einkenni sem koma fram hjá nemendum með ADHD og kennarar nefna sem vanda, svo sem gleymaska, skipulagsleysi, skert tímaskyn og slök námsfærni, orsakast af skertri stýrifærni heilans eins og áður hefur komið fram. Því getur munur á þroska nemenda með ADHD og annarra nemenda á unglingastigi orðið enn meira áberandi en áður og virkað hamlandi á námslega stöðu þeirra og aðlögunarfærni. Bil getur því myndast á milli væntinga skólaumhverfisins og getu nemandans til að standa undir þeim væntingum.<sup>45</sup>

Algengt er að kennarar og foreldrar dragi úr aðhaldi og stuðningi við nemandann á unglingsárunum í ljósi þess að „unglingurinn þurfi að

### UNGLINGSÁRIN:

- Breyttar námsaðstæður
- Auknar námskröfur
- Kennslustundum fjölgar
- Námsgreinum fjölgar
- Kennurum fjölgar
- Kennaraskipti
- Auknar kröfur um ábyrgð
- Auknar kröfur um sjálfstæð vinnubrögð



læra að taka ábyrgð sjálfur á námi sínu“. Þessi afstaða er skiljanleg því að sjálfsgöngu þurfa unglingar með ADHD að læra það. En til þess að það geti orðið þarf að kenna þeim þessa færni sérstaklega og taka mið af þroska þeirra. Í flestum tilfellum er áfram þörf á aðhaldi, stuðningi og samstarfi heimilis og skóla í gegnum unglingsárin og oft og tíðum einnig á framhaldsskólaárum.

Nemendur á unglingsstigi þurfa að hafa á valdi sínu fjölbreytta náms-tækni og -aðferðir til að geta tekist á við margþætt nám; á því skólastigi reynir námið enn meira en áður á vinnsluminni, vinnsluhraða, tíma-stjórnun, skipulag, áætlanagerð og skriflega tjáningu, sjá t.d. kaflann um námstækni. Margir nemendur með ADHD, ekki síst þeir sem eru með sértæka námserfiðleika, geta átt erfitt með að tjá sig skriflega og halda utan um skrifleg verkefni. Oft fá þeir góðar hugmyndir en þurfa aðstoð við að koma þeim á blað. Þetta getur verið bagalegt, ekki síst á prófum, þegar skrifa á ritgerð eða svara ritgerðarspurningum. Þá stranda þeir oft eftir nokkrar setningar. Gagnlegt getur verið að bjóða þeim stuðning við uppbyggingu skriflegra verkefna.<sup>46</sup>

Foreldrar, kennarar og nemendur á unglingsstigi verða sam-eiginlega að leitast við að finna jafnvægi á milli krafna um sjálfstæð vinnubrögð annars vegar og þarfa nemenda fyrir stuðning og aðhald hins vegar. Smám saman þarf að draga skipulega úr stuðningi eftir því sem nemandinn þroskast og öðlast meiri færni. Vissir nemendur munu samt alltaf þurfa stuðning vegna ADHD einkenna þar eð hægur vinnsluhraði og skert vinnsluminni háir þeim fram á fullorðinsár. Nauðsynlegt getur því verið að bregðast við þessu með því að hafa verkefni styttri eða gefa lengri tíma en almennt gerist; lengja próftíma, búa próf niður og leyfa nemanda að taka þau í lotum með hléum á milli eins og bent hefur verið á hér að framan, sjá t.d. kaflann um fyrir-komulag námsmats.<sup>47</sup> Mikilvægt er að viðhalda reglulegum samskiptum og upplýsingamiðlun til foreldra unglunga með ADHD eftir að nem-endur eru komnir í framhaldsskóla.

## Unglingsstúlkur með ADHD

Hætt er við að einkenni ADHD hjá stúlkum fari fram hjá kennur-um þar eð áberandi agavandamál eru oftast vægari meðal þeirra en

### 13

**HVERNIG FINNST MÉR BEST AÐ LÆRA?**

Nafn: \_\_\_\_\_

Deiging: \_\_\_\_\_

	Já	Nei
Ég lesi best þegar það er hljótt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég get lært og einbeitt mér þótt það sé stöðugt hljótur í höfðum mínum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst best að vinna við boði.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst best að fjölga á gjöfnum við vinnuna.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég vinna best ein(s).	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Hugar ég byrja á verkefni þú þik ég veit það.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Ég á stundum erfitt með að fjúka við verkefni.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst gott að vinna með öðrum.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
Mér finnst gott að vinna verkefni þar sem ég þarf að hunda mig og skapa.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Hverju vilt þú breyta í námsumhverfi þínu?

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

### 14

**HVERNIG VINNI ÉG?**

Nafn: \_\_\_\_\_

Hvortú á ég að gera? \_\_\_\_\_

Hvernig ætla ég að gera það? \_\_\_\_\_

þegar ég fjúka augnum eð ég fjúki mér hvernig ég ætla að vinna verkefni.

Ég sé fjúki mér hvernig ég ætla að fjúka verkefni.

Spyrðu þig nokkurn stundum á smátt þú getur að vinna verkefni.

Spyrðu þig líkar:

Ég fjúka(s) að missa umboðinguna og fjúka að þessum stundum?

Tak ég eftir þú sem er mikilvægt og fjúki þú mér það sem skapar eðli mitt.

Haf ég umboð eins fjúki og ég fjúki skilboð?

þarf ég að fjúka smátt á vinnunni?

Éf ég nei að fjúka ætla ég að fjúka mig og \_\_\_\_\_

drengjanna. Stúlkur með ADHD eru því ólíklegri til að vekja á sér athygli. Vandi þeirra er þó engu síður alvarlegur. Þær greinast frekar með kvíða og þunglyndi en geta jafnframt verið með undirliggjandi ADHD. Þar af leiðandi sýna þær ef til vill ýkt eða deyfð tilfinningaviðbrögð, á unglingsaldri geta einnig bæst við skapsveiflur sem fylgja hormónabreytingum. Oft er ætlast til að stúlkur, fremur en drengir, hagi sér í samræmi við væntingar umhverfisins, sýni hlýðni, hafi sjálfsaga, haldi sig til hlés, séu snyrtilega klæddar og sýni tillitssemi gagnvart öðrum. Vísbendingar eru um neikvæðari viðhorf gagnvart óæskilegri hegðun hjá stúlkum en hjá drengjum. Þar sem stúlkur með ADHD geta átt í erfiðleikum með að standa undir þessum kröfum er hætt við að þær ásaki sjálfar sig og að endurteknar sjálfsásakanir komi niður á sjálfstrausti þeirra og sjálfsmynd.<sup>48</sup>



## Áhrif svefnis á frammistöðu í skóla

Unglingar þurfa að jafnaði meiri svefn en nokkur annar aldurshópur eða rúmlega níu klukkutíma á nóttu.<sup>49</sup> Engu að síður hafa þeir tilhneigingu til að vera lengi að festa svefn og geta þar af leiðandi átt í erfiðleikum með að vakna tímanlega til að mæta í skóla. Augljóslega hefur það áhrif á skap og einbeitingu unglunga ef þeir sofa ekki nóg.

Um helmingur unglunga með ADHD glímir við svefntruflanir eða erfiðleika við að sofna og vakna.<sup>50</sup> Ekki er tryggt að barni eða unglungi með ADHD takist að sofna þótt farið sé tímanlega í háttinn því hugurinn getur verið á fleygiferð. Auk þess eiga unglingar með ADHD oft í erfiðleikum með að ná værum svefni, margir vakna þreyttir þrátt fyrir fullan svefn. Sumir skólar í Bandaríkjunum og í Danmörku hafa lagað stundatöflur að svefnvanda nemenda og leyft þeim að mæta allt að tveim kennslustundum seinna en aðrir og lengja skóladaginn í hinn endann.<sup>51</sup>


Ýmsar vísbendingar eru um að minnisúrvinnsla mikilvægra upplýsinga eigi sér stað í svefni. Skortur á svefni skerðir minni og einbeitingu, svo augljóslega þarf að finna leiðir til að leysa svefnvandamál barna og unglunga með ADHD.<sup>52</sup> Fjallað er um leiðir til að taka á svefntruflunum í fréttabréfi ADHD samtakanna, 1. tbl. 2011.

## Kennsla unglunga með ADHD – nokkur ráð

Hér að framan hefur verið bent á ýmis lykilatriði sem snerta nám og kennslu barna með ADHD. Flest af því sem þar kemur fram gildir jafnframt um unglunga. Ástæða er þó til að huga sérstaklega að ákveðnum atriðum þegar nemendur eru komnir á unglingsár. Þótt þeir hafi vissulega þroskast og elst eru þeir jafnframt að ganga í gegnum breytingaskeið sem hefur mismunandi áhrif á hvern og einn. Eftirfarandi atriði er gagnlegt að hafa í huga varðandi unglunga:



Á vefnum Námstækni og í kverinu Náðu tökum á náminu er bent á gagnleg lestrarráð og ýmis atriði sem auðvelda nemendum að skipuleggja námið.



Í lífsleiknámsefninu Ertu? og Í sátt og samlyndi er m.a. fjallað um tilfinningar eins og reiði, samskipti, ég-boð, innsæi, ábyrgð o.fl.

- **Lestur – lesskilningur.** Skoða bók vel áður en lestur hefst. „Hvað veit ég um efnið?“ Við lestur er áhersla á að greina aðalatriði og velta fyrir sér spurningum eins og *hver, hvað, hvar, hvenær, hvers vegna?* Gagnlegt getur verið að gera skýringarmyndir eða hugarkort, nota má til þess gerð forrit, sjá viðauka. Eftir lestur er mikilvægt að rifja upp það sem lesið var.
- Á unglingastiginu er ekki síður ástæða til en á yngri stigum að hafa **tvo sett af bókum**, heima og í skóla, og kaupa inn nóg af öðrum skólagögnum sem vilja gleymast og týnast.
- **Fræðsla um ADHD** getur hjálpað unglingum með ADHD til að átta sig á hvaða áhrif einkennin geta haft á þá náms- og félagslega. Traust fræðsla styrkir gjarnan sjálfsmýnd þeirra og unglingar sem njóta hennar eru líklegri en aðrir til að búa yfir nauðsynlegri færni til sjálfsbjargar. Fræðsla getur einnig komið í veg fyrir að unglingurinn trúi að vandi hans stafi af eigin heimsku, leti eða af því að hann leggi ekki nógu hart að sér.<sup>53</sup>
- Æskilegt er að **fræðsla sé almenn og sett fram í þriðju persónu**, varast þarf gagnrýni og alhæfingar. Dæmi um framsetningu gæti verið: „Mörgum nemendum með ADHD hættir til að gleyma að vinna heimaverkefni. Gæti það átt við um þig? Ef til vill getum við hjálpað þér með það. Hvað heldur þú að geti hjálpað þér?“ Koma síðan með nokkrar tillögur.
- Mikilvægt er að nota „**ég-skilaboð**“ í stað „**þú-skilaboða**“ sem hafa gjarnan neikvæðan tón og eru ásakandi. Til dæmis „þú fylgst ekki nógu vel með. Þú hefur ekki gert heimaverkefni í marga daga.“ Þess í stað má segja: „Ég hef áhyggjur af því að þú hefur ekki skilað heimaverkefnum. Ég veit að þú vilt standa þig vel. Hvað getum við gert til að hjálpa þér að ljúka heimaverkefnum á tilskildum tíma?“ Ef nemandinn hefur ekki hugmyndir sjálfur má koma með tillögur.
- **Umfjöllun um reiðina** getur hjálpað unglingum með ADHD að átta sig á hver kveikjan er að reiðiköstum þeirra (ef þau eru fyrir hendi)

og kenna þeim valkosti til að takast á við þau, svo sem að tala um reiðina, anda djúpt og telja upp að tíu, taka sér hlé til að róa sig, tala við vin o.s.frv.

- Mikilvægt er að **grípa inn í þegar og þar sem tiltekin hegðun** á sér stað, þ.e. að veita stuðning nákvæmlega þegar nemandinn er að þjálfa færnina. Að segja nemanda að muna eftir heimaverkefni eða refsfa honum fyrir að gleyma að vinna heimaverkefni er ekki árangursrík leið til að breyta hegðun. Betra er að hafa fast fyrirkomulag á því að kennari, stuðningsfulltrúi eða vinur hittir nemandann í byrjun og lok skóladags til að fara yfir hvað á að læra heima og kanna hvort nemandinn er með réttu bækurnar og annað skólalót.
- Erfiðara hefur reynst að beita hvatningaraðferðum á unglíngastigi en yngri stigum, meðal annars vegna þess að ekki er auðvelt að finna nægilega eftirsóknarverða umbun. Stundum má nota hópumbun, t.d. þegar allur bekkurinn hefur lokið heimaverkefni á áætluðum tíma fá allir að gera eitthvað skemmtilegt saman.
- Árangursríkt getur verið að kennari, nemandi og foreldri geri með sér **samning um tiltekin vandamál**, hvernig eigi að bregðast við þeim og vinna að því að leysa þau. Samningur sem snýst um að breyta hegðun er þó ekki trygging fyrir því að vandamálið leysist. Nemendur með ADHD eiga oft í erfiðleikum með að fylgja eftir gerðum samningi og þurfa markvissan stuðning til að standa við hann. Því þarf að koma skýrt fram hvaða stuðning kennari eða foreldrar ætla veita nemandanum. Gæta þarf þess að samningurinn sé raunhæfur þannig að nemandinn hafi möguleika á að fylgja honum eftir.
- **Sjálfsmat** getur hentað mjög vel fyrir unglinga, þá eru tiltekin atriði sem nemandi, foreldrar og kennarar eru sammála um að þurfi að taka á skoðuð og metin. Þessi atriði geta snúið að hegðun, ástundun, námi eða öðru. Nemandinn merkir sjálfur daglega í t.d. sjálfsmatsbók hvernig hann metur frammistöðu sína í hverjum tíma og kennari skrifar undir. Ef ákveðið er að umbun fylgi jákvæðri frammistöðu þarf hún að vera eftirsóknarverð fyrir nemandann.
- Nemendur sem **fá tvo til þrjá valkosti** leggja sig oft betur fram og sýna meiri áhuga og vinnusemi en ella, þeir einbeita sér betur og eru yfirvegaðri. Varast ber að rugla nemendur í ríminu með of mörgum valkostum. Oft þarf að veita þeim stuðning við að velja námsaðferðir, valfög o.fl.
- Sjálfsagt er að **hafa unglinga með ADHD með í ráðum** þegar nám þeirra, einstaklingsnámskrá eða próftaka er skipulögð.
- **Aðstoð námsráðgjafa eða annars fagaðila** er æskileg til að fylgjast með og hjálpa nemanda með ADHD að takast á við yfirfærslu frá miðstigi yfir á unglíngastig. Með því móti má greina vandamál sem

**2**

**SAMNINGUR\***  
Nemandi – foreldri

Nafn: \_\_\_\_\_  
Gæðir frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_

Markmið mín eru að ...  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

Til þess að ná þessum markmiðum þarf ég að ...  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_


Fjölskyldan mín ætlar að hjálpa mér og hefur ákveðið að ...  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_



Undirbúið nemandi \_\_\_\_\_ Undirbúið foreldri \_\_\_\_\_

**9**

**HVAÐ VIL ÉG BÆTA?**


 Hjálpuðu þú þá! Þú getur verið hjálpsamur og góður.

Ég ætla að \_\_\_\_\_  
1. \_\_\_\_\_  
2. \_\_\_\_\_

Hvernig gengur mér?

	Ekki nógu vel	A lítils hluti	Tilvald
1. dagur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
2. dagur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
3. dagur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
4. dagur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
5. dagur	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

Skilðu þú þá sem þú ætlar að bæta næst.  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_





*Í þessum skemmtilega bæklingi sem atlaður er börnum og unglungum er útskýrt ástæðan fyrir hegðun og viðbrögðum sem einstaklingar með ADHD sjna og hvað er til ráða til að draga úr einkennum.*

kunna að koma upp, grípa strax inn í og fyrirbyggja að vandinn vaxi.

- Nauðsynlegt er að kenna nemendum **sjálfsbjargarviðleitni** svo að þeir geti sjálfir farið fram á aðstoð og aðbúnað sem þeir þurfa. Leggja ætti áherslu á að gera nemendur sér meðvitaða um þau einkenni sem fylgja ADHD og að þeir láti kennara vita ef þeir eiga í vandræðum eða eru illa upplagðir.
- Þjálfar nemendur í ábyrgum **ákvarðanatökum** og að axla ábyrgð. Kennari gæti til dæmis spurt nemanda sem ekki fylgir reglum „er þetta góð eða slæm ákvörðun?“ Þessi spurning gefur nemandanum tækifæri til að gera greinarmun á æskilegri og óæskilegri hegðun og leiðréttu sjálfur hegðun sína.
- **Markviss kennsla í lífsleikni** styrkir nemendur félags- og tilfinningalega. Völ er á fjölbreyttu námsefni fyrir öll stig grunnskóla.



## ADHD og félagsfærni

Börn og unglingar með ADHD geta átt erfitt með að lesa í aðstæður og taka eftir félagslegum vísbendingum sem eru undirstaða góðra félags-tengsla. Sum eru sér ekki meðvituð um að þau geta verið hávaðasöm, stjórnarsöm, tillitslaus, kröfuhörð, ósveigjanleg og særandi í tali, jafnvel árásargjörn. Sömu sögu er að segja um yfirdrifið reidiviðbrögð sem sum sjna þegar þau fá ekki sínu framgengt.<sup>54</sup> Þó skal hafa í huga að þetta á alls ekki við öll börn og unglinga með ADHD.

Börn með ADHD eru líklegri en samanburðarhópur til að verða fyrir höfnun af jafnöldrum auk þess sem þau eru ólíklegri til að eignast

**8**

**AD LÆRA AF MISTÖKUM**

Hvernig nota ég mistök til að læra af þeim?

Mistökinn sem ég gerði: \_\_\_\_\_

Þau komu sér illa fyrir: \_\_\_\_\_

Ég átta bæta fyrir þau með því að: \_\_\_\_\_

Af þessum mistökum hef ég lært að: \_\_\_\_\_

Dagsetning: \_\_\_\_\_

Skrifað: \_\_\_\_\_



nána vini. Þegar saman fara ADHD og erfiðleikar í félagstengslum er meiri hætta en ella á að einstaklingur lendi í aðlögunarvanda. Þannig getur höfnun og skeytingarleysi jafnaldra haft alvarleg áhrif á hegðun og ýtt undir neikvæða þætti eins og misnotkun vímuefna, brottfall úr skóla, afbrot, námserfiðleika og kvíða o.fl.<sup>55</sup>

Félagslegir erfiðleikar versna oft hjá nemendum með ADHD þegar komið er á unglíngastig með tilkomu hormónabreytinga og aukinna námskrafna.<sup>56</sup> Sumir nemendur með ADHD ná þó betri tókum á samskiptum og félagstengslum með auknum þroska.

## Viðbrögð við skertri félagsfærni

Vísbendingar eru um að skert félagsfærni tengist skertri stýrifærni heilans sem dregur úr sjálfsstjórn. Markviss þjálfun getur aukið vitund barna og unglínga um félagsfærni og haft jákvæð áhrif á hegðun þeirra heima og í skóla. Helsti ókostur félagsfærniþjálfunar felst í því að ekki er tryggt að árangur sem næst á einum stað yfirfærist á nýjar aðstæður eins og á milli skóla og heimilis.<sup>57</sup>

## Leiðir til að efla félagsfærni

Styðjast má við eftirtaldar leiðir til að styrkja félagsfærni barna með ADHD og bæta samskipti þeirra við jafnaldra:

- Þjálfu félagsfærni og kenna félagslegar lausnir vandamála og ágreinings með skipulegum og markvissum aðferðum. Dæmi um efni sem má styðjast við er *Í sátt og samlyndi*, *Að vaxa úr grasi*, *Samvera*, *ART (Agression Replacement Training)*, *Stig af stigi* og *Vínir Zippýs*, sjá einnig vefslóðir í viðauka.
- Kenna félagsfærni sem er þýðingarmikil í samskiptum barna, eins og reglur í íþróttum og ýmsum leikjum.
- Leitast við að fyrirbyggja að bekkjarfélagar verði vitni að uppákomum þar sem barn með ADHD missir stjórn á sér.
- Veita stuðning við að eignast vini, til dæmis í gegnum vínahópa.

Félagsfærniþjálfun getur farið fram í ýmsu samhengi innan og utan skóla, á námskeiðum, í sumarbúðum og í litlum og stórum hópum.



*Bækur sem byggja á aðferðum hugrannar atferlismeðferðar og hjálpa börnum frá 6 ára aldri að takast á við áhyggjur og kvíða, reiði og neikvæðni. Þær innihalda liflegan texta, myndir og verkefni.*

Bestur árangur næst ef skóli og heimili ná að stilla saman strengi og vinna skipulega saman, beita sams konar umbun þegar vel gengur og sams konar viðbrögðum við truflandi og neikvæðri hegðun. Árangursrík félagsfærniþjálfun felur í sér m.a. þætti eins og skýrar leiðbeiningar, að fyrirmyndir séu góðar, fjölbreytta hlutverkaleiki, markvissa endurgjöf, þ.e. umbun og viðbrögð og ýmsar samskiptaæfingar<sup>58</sup> þar sem styðjast má við félagsháfnisögur, sjá vefslóðir í viðauka.

Tengsl nemanda og kennara eru oftast nán og flestir nemendur taka kennara sína til fyrirmyndar í ýmsu. Þeir hafa því umtalsverð áhrif á mótun félagslegrar hegðunar nemenda. Þeir þjálfu nemendur daglega í félagsfærni með því að styrkja jákvæða hegðun sem felst til dæmis í að deila með öðrum, skiptast á, hlusta án þess að trufla, taka þátt í umræðum án yfirgangs, hvetja og hrósa, tjá ólíkar skoðanir á málefnalegan hátt, í stuttu máli að sýna öðrum virðingu og kurteisi með framkomu sinni og hegðun.<sup>59</sup>

Dæmi um félagsfærniþjálfun sem er í boði hérlandis er m.a. ART (Aggression Replacement Training) og Snillinganámskeið fyrir börn á aldrinum 8–10 ára hafa verið í boði á vegum Þroska- og hegðunarstöðvar heilsugæslunnar og haldin víða um landið. Vefslóðir má finna í viðauka.

Námskeið í félagsfærni fela í sér m.a.:

- Útskýringar á hvers vegna þörf er á að læra félagsfærni.
- Umræður um hvernig styrkja má færni með sjónrænum aðferðum svo sem með veggspjöldum og ljósmyndum.
- Mismunandi félagsfærniþættir eru sýndir með hjálp brúða og með því að greina félagsháfnisögur.
- Félagsfærniæfingar og leikir með endurgjöf leiðbeinanda.
- Hlutverkaleikir eru notaðir endurtekið til að æfa hegðun, viðbrögð, framkomu. Umbun er veitt fyrir viðeigandi hegðun.

Þegar félagsfærniþættir eru æfðir er mikilvægt að leiðbeinendur veiti markvissa leiðsögn, beini athyglinni að jákvæðri hegðun og veiti endurgjöf þegar við á. Oft getur það hjálpað félagslega einangruðum börnum ef kennari sér til þess að þau vinni verkefni með nemendum sem eru góðar fyrirmyndir og eru líklegir til að sýna umburðarlyndi og



*Í grunnskólum er námsgreinin lífsleikni kennð. Tilgangur hennar er að efla félagsþroska, styrkja félagsleg gildi og hegðun og skapa jákvæðan skólubrag. Í boði er ýmiss konar námsefni sem m.a. er ætlað að auka samskipta- og félagsfærni, sjálfskraust og þekkingu á eigin tilfinningum, og kennarar geta notað bæði með öllum bekknum og í litlum hópum.*



stuðning. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir úrræðum og tækifærum sem stuðla að því að félagslega einangraðir nemendur taki þátt í leikjum og viðfangsefnum með traustum og ábyrgum skólafélögum. Ýmiss konar námsefni, til dæmis í lífsleikni, hefur þann tilgang að efla og styrkja samskiptahæfni nemenda og koma í veg fyrir einelti og félagslega einangrun.

## FÉLAGSFÆRNIÞJÁLFUN:

- Góðar fyrirmyndir
- Skýrar leiðbeiningar
- Hlutverkaleikur
- Markviss endurgjöf

## Þverfagleg teymisvinna


Þar sem ADHD er flókin röskun, hvert barn er með sína samsetningu af ADHD og oft með fleiri en eina fylgiröskun til viðbótar, koma gjarnan margar stofnanir og sérfræðingar að máli hvers barns. Traust samvinna þessara þjónustuaðila er því lykilatriði til að sem bestur árangur náist og þjónustan verði skilvirk.<sup>60</sup>

## Árangursrík teymisvinna

Mikils er um vert að samþætta þjónustu milli opinberra stofnana sem sinna málefnum barna og unglinga með ADHD. Þverfagleg samvinna sem byggist á trausti þekkingu og gagnreyndum aðferðum skapar aukinn skilning á röskuninni og eykur líkur á árangursríkri meðferð.<sup>61</sup>

Víða er reynt að koma á þverfaglegu þjónustuteymi þar sem það hefur gefið góða raun við að greiða götur barns eða unglings með ADHD, bæði í skóla og samskiptum við aðra í daglegu lífi. Þverfaglegt teymi hefur það verkefni að leita lausna til að koma í veg fyrir náms- og hegðunarörðugleika og félagslega árekstra og greiða úr þeim; draga úr hamlandi einkennum, bæta hegðun, líðan og félagslega aðlögun. Þá sinnir teymið oft ráðgjafarhlutverki gagnvart forráðamönnum og starfsfólki skóla og heldur utan um samræmingu aðgerða heima og í skólanum. Enn fremur fylgist það með framvindu og árangri starfsins og bregst við í samræmi við þarfir. Það getur einnig kallað á utanaðkomandi aðstoð eða leitað ráðgjafar annarra, sem ekki sitja reglulega teymisfundum, ef með þarf.<sup>62</sup>

Þjónustuteymi eru yfirleitt stofnuð að frumkvæði starfsfólks skóla, annarra fagaðila og stundum að frumkvæði forráðamanna. Teymið samanstendur gjarnan af umsjónarkennara og einhverjum af eftirtöld-



um aðilum sem hafa faglega aðkomu að þjónustu við barnið, svo sem sálfræðingi, sérkennara, sérkennsluráðgjafa, stuðningsfulltrúa, þroskaþjálfara, iðjuþjálfara, félagsráðgjafa, skólastjórnendum, skólahjúkrunarfræðingi, lækni eða öðrum. Samsetning teyma er mismunandi eftir skólum og sveitarfélögum og fer eftir því hvaða þjónusta er í boði. Þjónusta getur verið misjöfn á milli sveitarfélaga en hún getur einnig verið mismunandi á milli skóla í sama sveitarfélagi. Dæmi um opinber þjónustusvið sem sinna teymisvinnu eru skólaskrifstofur, félagsþjónusta sveitarfélaga, þ. á m. þjónustumiðstöðvar Reykjavíkur, heilsugæsla og barna- og unglingsdeildir.

Samkvæmt reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla er henni ætlað að gera tillögu um viðeigandi úrræði í samstarfi við starfsfólk skóla. Henni er enn fremur ætlað að sinna eftirfylgd og mati á árangri í kjölfar athugunar eða greiningar og meta árangur íhlutunar í samstarfi við viðkomandi skóla.

Algengt er að þverfaglegt teymi samanstandi af fjórum til sex einstaklingum þar sem einn til tveir eru titlaðir teymisstjórar. Hlutverk þeirra er að stýra vinnunni, boða fundi og halda utan um ákvarðanir.

Einnig þekkt er að stofna þverfaglegt lausnar-teymi sem vinnur að lausnum erfiðra mála í tilteknum grunnskóla eða sveitarfélagi. Lausnar-teymi er ólíkt þjónustuteymi þar sem lausnar-teymi er ekki sett saman vegna einstaklingsmáls heldur fremur sem stuðningur við kennara, eins konar *bakland kennarans*. Þangað getur kennari leitað með erfið ónafngreind mál þar sem hvert tilfelli er skoðað sérstaklega. Teymið leggur svo til nokkrar mögulegar úrlausnir sem kennarinn getur valið úr og nýtt sér.

### 15

#### NÁMS- OG KENNSLUÁBÆTUR – GÁTLISTI

	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Hafi þú	<input type="checkbox"/> Nei
• Staðfesting nemanda / félagsmenn er góð.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Sérhæfing eða góða lýsning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Afskipti eða meiri námsárangur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur gefa færni og áherslu á skóli.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur eru virkir og taka þátt í góðu námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Væðing og stuðning frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Mikilvægi á ákvarðunum til að draga á áskil.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Skýlga, hliðin, mörkuppar og góð afþreying og vel mætt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun og stuðning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Háttala og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Starf og stuðningur nemanda frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Hliðsmætti og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

### 16

#### NÁM OG KENNSLA – GÁTLISTI

	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Hafi þú	<input type="checkbox"/> Nei
• Lýsning og stuðning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Afskipti eða meiri námsárangur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur gefa færni og áherslu á skóli.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur eru virkir og taka þátt í góðu námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Væðing og stuðning frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Mikilvægi á ákvarðunum til að draga á áskil.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Skýlga, hliðin, mörkuppar og góð afþreying og vel mætt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun og stuðning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Háttala og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Starf og stuðningur nemanda frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Hliðsmætti og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

### 18

#### HEGDUN Í SKÓLASTOFUNNI – GÁTLISTI

	Nafn: _____			
	Dagsetning: _____			
<b>Staðfesting og stuðning</b>	<input type="checkbox"/> Já	<input type="checkbox"/> Hafi þú	<input type="checkbox"/> Nei	<input type="checkbox"/> Hafi þú
• Staðfesting nemanda / félagsmenn er góð.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Sérhæfing eða góða lýsning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Afskipti eða meiri námsárangur.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur gefa færni og áherslu á skóli.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur eru virkir og taka þátt í góðu námi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Væðing og stuðning frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Mikilvægi á ákvarðunum til að draga á áskil.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Skýlga, hliðin, mörkuppar og góð afþreying og vel mætt.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun og stuðning.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Háttala og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Nemendur hafa góða þjálfun frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Starf og stuðningur nemanda frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>
• Hliðsmætti og stuðningur frá aðstoðumálfræðingi.	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>	<input type="checkbox"/>

## Gátlisti – aðgerðalisti

Hvað hefur verið gert í skólanum?

Hvaða frekari úrræði eru möguleg?

- Hefur verið farið yfir vanda barnsins með umsjónarkennara, forráðamönnum og/eða fagfólki innan og utan skólans?
- Er nauðsynlegt að stofna þverfaglegt þjónustuteymi vegna barnsins?
- Er nauðsynlegt að barnið fái frekari greiningu? Hvers vegna / hvers vegna ekki?
- Hefur verið gerð áætlun um aðlögun námsumhverfis og kennsluaðferða miðað við þarfir barnsins?  
Er nauðsynlegt að gera einstaklingsnámskrá?
- Hefur verið hugað vel að staðsetningu og líðan barnsins í ólíkum kennsluaðstæðum, þ.á m. sérgreinatímum?
- Hefur verið hugað að möguleikum barnsins á jákvæðum samskiptum við skólafélaga og starfsfólk?
- Hefur verið hugað að félagslegri stöðu barnsins; á það vini, ef ekki, hvernig mætti bæta úr því?
- Hvaða stuðning fær barn sem á erfitt með hegðun?
- Hafa verið teknar ákvarðanir um samræmdar aðgerðir til að fyrirbyggja óvæntar uppkomur?
- Hvaða ráðstafanir eru gerðar ef barnið ræður ekki við aðstæður utan skólastofu, þ.e. í frímínútum, matsal og á göngum?
- Eru sjónrænar visbendingar í umhverfinu til aðstoðar fyrir barnið?
- Fær barnið nægilega hvatningu, endurgjöf og hrós?
- Er hægt að bjóða upp á félagsfærniþjálfun ef þarf?
- Eiga kennarar og starfsfólk kost á faglegri ráðgjöf og fræðslu um ADHD?
